



---

# STARFSÁÆTLUN 2021 -2022

---

## Leikskólinn Tröllaborg



Leikum saman og lærum



## Efnisyfirlit

|     |  |    |
|-----|--|----|
| 1   | Inngangur .....                        | 5  |
| 2   | Hagnýtar upplýsingar.....              | 6  |
| 2.1 | Opnunartími Tröllaborgar.....          | 6  |
| 2.2 | Skólastarf á tímum farsóttar .....     | 7  |
| 3   | Skólahúsnaði .....                     | 8  |
| 3.1 | Tröllaborg Hofsósi .....               | 8  |
| 3.2 | Tröllaborg Hólum .....                 | 8  |
| 3.3 | Viðhald 2021-2022 .....                | 9  |
| 4   | Fæðismál Tröllaborgar .....            | 10 |
| 5   | Starfsrammi Tröllaborgar .....         | 11 |
| 5.1 | Aðlögun.....                           | 13 |
| 6   | Starfsmannahald .....                  | 14 |
| 6.1 | Skipurit .....                         | 15 |
| 6.2 | Starfspróunarsamtöl .....              | 16 |
| 6.3 | Símenntunaráætlun .....                | 16 |
| 7   | Áhersluatriði Tröllaborgar .....       | 18 |
| 7.1 | Leikur .....                           | 18 |
| 7.2 | Heilsueflandi leikskóli .....          | 19 |
| 7.3 | Umhverfismennt.....                    | 19 |
| 7.4 | Lestur – Lestur er börnum bestur ..... | 19 |
| 7.5 | Tákn með tali .....                    | 20 |
| 7.6 | Stærðfræði .....                       | 21 |
| 7.7 | Félagsleg færni – lífsleikni.....      | 22 |



|        |   |    |
|--------|---|----|
| 7.8    | SMT – skólafærni.....                               | 22 |
| 7.9    | Skapandi starf.....                                 | 23 |
| 8      | Skólastarfið 2021-2022.....                         | 24 |
| 8.1    | Ársáætlun Brúsabæjar 2021-2022 .....                | 26 |
| 8.2    | Ársáætlun Barnaborgar 2021-2022 .....               | 27 |
| 8.3    | Skólanámskrá .....                                  | 28 |
| 8.3.1  | Endurskoðun skólanámskrár.....                      | 28 |
| 8.4    | Þroski og framfarir .....                           | 28 |
| 8.4.1  | TRAS .....  | 29 |
| 8.4.2  | Mio.....  | 29 |
| 8.4.3  | Matslisti Gerd Strand .....                         | 29 |
| 8.4.4  | Íslenski máhljóðamælirinn.....                      | 30 |
| 8.4.5  | Hljóm-2 .....                                       | 30 |
| 8.4.6  | Íslenski þroskalistinn .....                        | 30 |
| 8.4.7  | Smábarnalistinn.....                                | 30 |
| 8.4.8  | AAL – listi .....                                   | 30 |
| 8.5    | Útikennsla/útinám .....                             | 31 |
| 8.6    | SMT .....   | 31 |
| 8.6.1  | SMT kennsluáætlun 2021-2022 í Brúsabæ .....         | 31 |
| 8.6.2  | SMT kennsluáætlun 2021-2022 í Barnaborg .....       | 33 |
| 8.7    | Læsi.....   | 33 |
| 8.8    | Lubbastund.....                                     | 34 |
| 8.9    | Stærðfræði .....                                    | 35 |
| 8.10   | Vinátta .....                                       | 35 |
| 8.10.1 | Vinátta - kennsluáætlun Barnaborgar 2021-2022 ..... | 36 |



|        |  |    |
|--------|--|----|
| 8.10.2 | Vinátta – Kennsluáætlun 2021-2022 Brúsabæjar ..... | 39 |
| 8.11   | Skapandi starf .....                               | 41 |
| 8.12   | Leikur .....                                       | 41 |
| 8.13   | Samstarf milli deilda leikskólans.....             | 42 |
| 9      | Samstarf leik- og grunnskóla .....                 | 43 |
| 9.1    | Fimm ára börnin og grunnskólinn .....              | 43 |
| 9.2    | Samráðsfundir við skólaskipti.....                 | 43 |
| 9.3    | Sameiginlegir viðburðir: .....                     | 44 |
| 10     | Fjölskylduþjónusta .....                           | 45 |
| 11     | Foreldrasamstarf.....                              | 46 |
| 11.1   | Foreldraráð .....                                  | 46 |
| 11.2   | Foreldrafundir.....                                | 47 |
| 11.3   | Foreldrasamtöl.....                                | 47 |
| 11.4   | Foreldrafélög .....                                | 48 |
| 11.5   | Mat foreldra .....                                 | 48 |
| 12     | Sérstök verkefni.....                              | 49 |
| 12.1   | Heilsueflandi leikskóli.....                       | 49 |
| 12.2   | Vinátta .....                                      | 49 |
| 13     | Innra mat – Hversu góður er leikskólinn okkar..... | 50 |
| 13.1   | Kannanir – Skólapúlsinn.....                       | 51 |
| 14     | Ýmsar áætlanir .....                               | 53 |
| 15     | Fylgiskjöl .....                                   | 54 |



## 1 Inngangur

Samkvæmt *Lögum um leikskóla* nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir *Aðalnámskrá leikskóla*. Leikskólar gera starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir starfseminni svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans. Í áætluninni er gerð grein fyrir skólahúsnæði, leikskólalóð, umhverfi leikskólans, barnafjölda, starfsmannahaldi og ýmsum verkfærum og matslistum sem notaðir eru. Gerð er áætlun um hvernig við ætlum að vinna með börnunum, samstarfi við grunnskóla og foreldra. Þessi áætlun er því heildstætt yfirlit yfir starfið og það sem því tengist og hefur áhrif á það hvernig unnið er.

Í lok skólaársins förum við yfir og metum starfsáætlunina og það mat fylgir sjálfsmatsskýrslu leikskólans sem kemur út 1. október ár hvert.

Þrjú fylgiskjöl fylgja starfsáætluninni; umsögn foreldraráðs, skóladagatal og upplýsingabæklingur um leikskólann sem afhentur er foreldrum þegar barn byrjar í leikskólanum.



## 2 Hagnýtar upplýsingar

### Heimilisföng og símanúmer

- Tröllaborg Hólum, 551 Sauðárkrókur  
**Sími:** 453-5760
- Tröllaborg Hofsósi, Túngötu 10, 565 Hofsós  
**Sími:** 453-7333

### Leikskólastjóri:

- Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir  
**Sími:** 696-3869  
**Netfang:** [trollaborg\(hjá\)skagafjordur.is](mailto:trollaborg(hjá)skagafjordur.is)

### Staðgengill leikskólastjóra

- Eyrún Berta Guðmundsdóttir  
**Netfang:** [eyrunberta\(hjá\)skagafjordur.is](mailto:eyrunberta(hjá)skagafjordur.is)

### Deildarstjórar:

- Ásrún Leósdóttir, Barnaborg Hofsósi  
**Netfang:** [asrunleos\(hjá\)skagafjordur.is](mailto:asrunleos(hjá)skagafjordur.is)
- Christine Hellwig, Brúsabæ Hólum  
**Netfang:** [christineh\(hjá\)skagafjordur.is](mailto:christineh(hjá)skagafjordur.is)

**Viðtalstímar:** Viðtalstímar leikskólastjóra og deildarstjóra eru eftir samkomulagi.

**Heimasíða Tröllaborgar:** <http://trollaborg.skagafjordur.is>

### 2.1 Opnunartími Tröllaborgar

Leikskólinn Tröllaborg er tveggja deilda leikskóli starfræktur í tveimur byggðalögum. Opnunartíminn er mismunandi eftir deildum og ræðst það af notkunarpörf.

#### Á Hofsósi er opnunartíminn:

- Mánudag til fimmtudags er opið frá kl. 08:00 til kl. 16:00.
- Föstudaga er opið frá kl. 08:00 til kl. 15:00.

#### Á Hólum er opnunartíminn:

- Frá kl. 07:45 til kl. 16:15 alla daga vikunnar.



## **2.2 Skólastarf á tímum farsóttar**

Í leikskólanum er farið eftir þeim tilmælum sem í gildi eru á hverjum tíma varðandi skólastarf á tímum farsóttar. Aukin áhersla hefur verið lögð á dagleg þrif og sótthreinsun í leikskólanum. Sameiginlegir snertifletir eru þrifnir oftár ef tækifæri gefst. Leikföng og efniviður er skipt út daglega og sett í sóttkví. Einnig er lögð áhersla á reglulegan handþvott starfsmanna og barna og sprittun þegar ástæða er til og ekki gefst kostur á handþvotti. Gætt er að nálægðartakmörkunum eins og kostur er. Farið er eftir fjöldatakmörkun einstaklinga í samræmi við þá reglugerð sem er í gildi hverju sinni. Heimsóknunum inn í leikskólann er haldið í lágmarki og fundir haldnir í gegnum fjarfundarbúnað eins og kostur er. Viðvera foreldra sem dvelja í leikskóla vegna aðlögunar skal skipulögð þannig að þeir þurfi ekki að nota hreinlætis- og/eða mataraðstöðu í húsnæðinu. Heimilt er að óska eftir að foreldrar noti andlitsgrímur þegar nálægðartakmörk verður ekki viðkomið. Inn á vef stjórnarráðsins má sjá þá reglugerð sem er í gildi hverju sinni.



### **3 Skólahúsnæði**

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana austan Vatna og ráða einn leikskólastjóra. Leikskólinn fékk nafnið Tröllaborg. Hvor deild hefur þó haldið sínum sérkennum og nafni.

#### **3.1 Tröllaborg Hofsósi**

Tröllaborg á Hofsósi, áður Leikskólinn Barnaborg, var stofnaður árið 1981 af foreldrum leikskólabarna. Hofsóshreppur útvegaði húsnæði en foreldrar sáu um reksturinn fyrstu tvö árin. Þá tók Hofsóshreppur við rekstrinum þar til að Sveitarfélagið Skagafjörður tók við eftir sameiningu hreppanna árið 1999. Árið 1982 var húsnæðið við Suðurbraut 7 á Hofsósi tekið á leigu og ári seinna keypti Hofsóshreppur húseignina og var leikskólinn þar til húsa út apríl 2017. Þegar leikskólinn opnaði eftir sumarfrí haustið 2016 var megn myglulykt í húsinu og kom þá í ljós að verulegur myglusveppur var í þaki hússins. Hafist var handa við að finna leikskólanum annað húsnæði og 1. maí 2017 flutti leikskólinn í Túngötu 10 og kaupir Sveitarfélagið Skagafjörður það ári síðar. Nýr 22 barna leikskóli er nú í byggingu og er sú bygging viðbygging við grunnskólann. Áætlað er að opna hann í nýju húsnæði fyrir lok árs 2021. Samvinna við grunnskólann hefur tekist mjög vel.

#### **3.2 Tröllaborg Hólum**

Tröllaborg á Hólum, áður Leikskólinn Brúsabær, hóf starfsemi sína haustið 1985. Leikskólinn var rekinn af foreldrum fyrstu árin en þá tók Hólahreppur við rekstrinum og kom Viðvíkurhreppur þar inn að hluta. Börnum á svæðinu fjölgaði ört og árið 1998 var ákveðið að Hóla- og Viðvíkurhreppur myndu standa saman að nýrri leikskólabyggingu. Ákveðið var að byggja við grunnskóla staðarins og samnýta mötuneyti og efla samvinnu við grunnskólann. Í janúar 1999 flutti leikskólinn í nýja húsnæðið sem er 112 m<sup>2</sup>. Breytingar voru gerðar á grunnskólahúsnæðinu árið 2008 og rýmkað um fyrir leikskólanum. Skrifstofa leikskólastjóra og undirbúningsaðstaða





fyrir starfsmenn var flutt þangað inn. Einnig eru tvær litlar stofur sem eru samnýttar af leik- og grunnskólanum eftir því sem þurfa þykir.

Samnýting á mötuneyti og samvinna við grunnskólann hefur tekist mjög vel. Allt umhverfi leikskólans er skógi vaxið og nýtt vel til leikja og rannsókna. Komið er að viðhaldi á húsnæðinu og leikskólalóðinni.

### 3.3 Viðhald 2021-2022

Í töflunni er að finna viðhaldslista fyrir leikskólahúsnæðið á Hólum í Hjaltadal ásamt mati á hversu áriðandi er að leysa hvert atriði á listanum.

| Viðhaldslisti  | Ástæða   | Mikilvægi         |
|--|--|-------------------|
| Innihurðir pússaðar og laga hurðakarma   | Farið að flísast úr viðnum   | 4-Getur beðið     |
| Mála gluggakarma að utan (aðallega vesturhliðin)   | Gluggakarmar orðnir lélegir  | 4-Getur beðið     |
| Vantar merkingu þar sem hvatt er til að hafa bifreiðar ekki í gangi  |  | 4-Getur beðið     |
| Skipta út útidyrhurð í anddyri leikskólans   | Orðin mjög þreytt, undin, erfitt að loka og óþétt  | 1-AFAR áriðandi   |
| Endurskipuleggja og lagfæra lóð á Hólum m.t.t. aðgengi <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipta út vegasalti</li> <li>Setja nýjan kastala</li> <li>Vantar fallvörn í kringum útileiktæki</li> <li>Skipta út gormatæki</li> <li>Malbika reiðhjólástíg</li> <li>Lagfæra hellulagnir á útisvæði</li> <li>Gæta vel að aðgengi fyrir alla inn á leikskólalóð og inn í leikskólahúsnæðið</li> </ul> | Sjá niðurstöðuskýrslu aðalskoðunar leiksvæða í ágúst 2021<br><br>Búið að fjarlægja gormatæki, undirstöður standa enn<br><br>Hellur eru ójafnar og standa uppúr, börn detta á þeim eða hjól stöðvast á hellubrún og þau detta af hjóli<br><br>Lítið sem ekkert aðgengi er fyrir göngugrind á leikskólalóð | 1 - AFAR áriðandi |
| Setja stakar hljóðvistarplötur inn á deild á Hólum, hljóðvist mjög léleg!  | Mikill hávaði myndast í þessu aðalrými deildarinnar, þar er afar hátt til lofts  | 1-AFAR áriðandi   |
| Setja hitaþráð í þakrennur m.a. á vesturhlið skólahúsnæðis á Hólum   | Vesturhliðin fór að leka í fyrravetur, lak inn með gluggum og/eða lofti inn í WC grunnskólagangi, undirbúningsherbergi kennara,  | 2-AFAR áriðandi   |



|  |  |               |
|--|--|---------------|
|  | svefnrými barna, fundarrými og skrifstofu leikskólastjóra  |               |
| Útidyrhurð á starfsmannainngangi er orðin léleg, skipta henni út                             | Hurð orðin mjög léleg, undin og rakaskemmdir greinilegar, í vatnsveðrum þenst hún út   | 3-Mikilvægt   |
| Gluggar á vesturhlið leikskólahlutans þarf að skipta út (hliðin sem snýr að bílastæðum)      | Gluggakarmar fúnir, lekur inn um þá í miklum vatnsveðrum, erfitt að opna og loka opnanlegu fögin                                 | 2-Áríðandi    |
| Setja klemmuvarnir á innihurðir inn á deild og í matsal                                      | Klemmuvarnir í hurðafansa sbr. í nýja leikskólanum á Hofsósi   | 2-Áríðandi    |
| Ryðgaðar og lausar skrúfur sem halda stormjárnnum í gluggum                                  | Stormjárn inn á deild eru mörg að losna upp því skrúfur eru ryðgaðar   | 3-Mikilvægt   |
| Setja upp hillu fyrir stimpilklukku við starfsmannainngang (ath. vantar rafm.innstungu líka) | Þyrfti að bora í vegginn til að ná í rafmagn sem þar er og tengja við stimpilklukku sem þyrfti að vera við starfsmannainnganginn | 3-Mikilvægt   |
| þarf að laga undir sullavask inn á deild   | Vaskurinn bungar upp í miðjunni þar sem niðurfallið er, alltaf vatn í hornunum m.t.t. þrifa                                      | 4-Getur beðið |

Ekkert viðhald er áætlað á Hofsósi í núverandi húsnæði þar sem flutt verður inn í nýtt húsnæði vonandi fyrir árslok 2021.

#### 4 Fæðismál Tröllaborgar

Þar sem leikskólinn er rekinn í tveimur byggðakjörnum eru tvö mötuneyti. Börnin fá morgunmat, hádegismat og hressingu seinnipartinn. Á báðum stöðum er matur eldaður frá grunni.

Á Hólum er mötuneytið samrekið með grunnskólanum og matast börnin í matsal grunnskólans. Leikskólinn sér um rekstur mötuneytisins þar.

Við gerð matseðils er farið eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og markmiðum manneldisráðs (Hofsós/Hólar).

- Kl. 08:30/8:10 er morgunmatur. Í morgunmat fá börnin morgunkorn, súrmjólk, brauð eða hafragraut. Gefið er lýsi með morgunmatnum.
- 10:00/10:15 er ávaxtatími. Boðið upp á ávexti og grænmeti.
- 11:30/12:00 er hádegismatur. Tvisvar í viku fá börnin fisk og tvisvar í viku kjötmáltíð. Einu sinni í viku er léttari máltíð. Það er misjafnt



hvað er í boði t.d. skyr, mjólkurgrautur, kjötsúpa, fiskisúpa eða grænmetisbuff. Með þessari máltíð fá börnin brauð, álegg og ávexti. Grænmeti er borið fram með öllum máltíðum.

- 14:30/14:45 er nónhressing. Mjólk, brauð og/eða hrökkkex með mismunandi áleggi, grænmeti og ávextir.

## 5 Starfsrammi Tröllaborgar

Starfið í leikskólanum mótast af þeim börnum sem þar dvelja, aldri þeirra, þroska og þörfum. Frá 1. október dvelja 27 börn í leikskólanum og þegar við flytjum í nýtt húsnæði á Hofsósi bætist eitt barn við. Eftir áramót bætast við 2 börn og verða þau þá 29 fram til vors miðað við þær umsóknir sem liggja fyrir nú.

Í töflunum hér að neðan má sjá barnafjölda og lengd dvalartíma en þar sem Tröllaborg er rekin á tveimur starfsstöðvum þá eru þrjár töflur. Tafla 1 sýnir heildarfjölda og dvalartíma, töflur 2 og 3 sýna skiptingu milli deilda.

**Tafla 1.**

| Heildarfjöldi í Tröllaborg 2021-2022 |        |         |         |            |                | viðvera í klst. |    |   |   |   |   |      |
|--------------------------------------|--------|---------|---------|------------|----------------|-----------------|----|---|---|---|---|------|
| fæðingarár                           | fjöldi | drengir | stúlkur | stuðningur | annað móðurmál | 9               | 8  | 7 | 6 | 5 | 4 | alls |
| 2016                                 | 5      | 4       | 1       | 0          | 1              | 0               | 2  | 2 | 1 | 0 | 0 | 36   |
| 2017                                 | 8      | 4       | 4       | 2          | 2              | 2               | 4  | 0 | 2 | 0 | 0 | 62   |
| 2018                                 | 6      | 3       | 3       | 1          | 0              | 0               | 5  | 1 | 0 | 0 | 0 | 47   |
| 2019                                 | 4      | 2       | 2       | 1          | 1              | 1               | 0  | 1 | 0 | 1 | 1 | 25   |
| 2020                                 | 4      | 3       | 1       | 0          | 1              | 0               | 2  | 0 | 1 | 1 | 0 | 27   |
| alls                                 | 27     | 16      | 11      | 4          | 5              | 3               | 13 | 4 | 4 | 2 | 2 | 197  |

\*fjöldi viðverutíma er jafnaður að næstu heilu tölu t.d. 8.5 verður 9 o.s.frv.

Samtals 27 börn í 197 klukkustunda viðveru.

**Tafla 2.**

| Hofsós 2021-2022 |        |         |         |            |                | viðvera í klst. |   |   |   |   |   |      |
|------------------|--------|---------|---------|------------|----------------|-----------------|---|---|---|---|---|------|
| fæðingarár       | fjöldi | drengir | stúlkur | stuðningur | annað móturmál | 9               | 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | alls |
| 2016             | 2      | 1       | 1       | 0          | 0              | 0               | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 14   |
| 2017             | 3      | 1       | 2       | 0          | 1              | 0               | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 22   |
| 2018             | 3      | 1       | 2       | 0          | 0              | 0               | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 23   |
| 2019             | 2      | 0       | 2       | 0          | 0              | 0               | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 11   |
| 2020             | 3      | 2       | 1       | 0          | 1              | 0               | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 22   |
| alls             | 13     | 5       | 8       | 0          | 2              | 0               | 7 | 2 | 3 | 0 | 1 | 92   |

\*fjöldi viðverutíma er jafnaður að næstu heilu tölu t.d. 8.5 verður 9 o.s.frv.

Samtals 13 börn í 92 klukkustunda viðveru.

**Tafla 3.**

| Hólar 2021-2022 |        |         |         |            |                | viðvera í klst. |   |   |   |   |   |      |
|-----------------|--------|---------|---------|------------|----------------|-----------------|---|---|---|---|---|------|
| fæðingarár      | fjöldi | drengir | stúlkur | stuðningur | annað móturmál | 9               | 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | alls |
| 2016            | 3      | 3       | 0       | 0          | 1              | 0               | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 22   |
| 2017            | 5      | 3       | 2       | 2          | 1              | 2               | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 40   |
| 2018            | 3      | 2       | 1       | 1          | 0              | 0               | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 24   |
| 2019            | 2      | 2       | 0       | 1          | 1              | 1               | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 14   |
| 2020            | 1      | 1       | 0       | 0          | 0              | 0               | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 5    |
| alls            | 14     | 11      | 3       | 4          | 3              | 3               | 6 | 2 | 1 | 2 | 0 | 105  |

\*fjöldi viðverutíma er jafnaður að næstu heilu tölu t.d. 8.5 verður 9 o.s.frv.

Samtals 14 börn í 105 klukkustunda viðveru.



## **5.1 Aðlögun**

Aðlögun barna er í flestum tilfellum í ágúst þó kemur fyrir að hún dragist fram í byrjun september. Það er misjafnt hve mörg börn eru í aðlögun í einu, á Hólum ræðst það að miklu leyti af aðsókn nemenda í Háskólann.

Aðlögun tekur yfirleitt eina viku og eru tímasetningar skipulagðar í samráði við foreldra. Ekki hefur verið mikið um að það sé flutningur milli deilda hér en hefur þó komið fyrir og fer þá sama aðlögunarferli í gang.



## 6 Starfsmannahald

Í vetur verða samtals þrettán starfsmenn í Tröllaborg; fimm á Hofsósi, sjö á Hólum auk leikskólastjóra.


Matráður á Hólum í Hjaltadal er undir stjórn leikskólastjóra en hann eldar líka fyrir nemendur og starfsfólk í Grunnskólanum austan Vatna á Hólum.

Aðstoð inn í eldhúsi í hádegi heyrir undir Grunnskólann austan Vatna.

| Starfsheiti                                    | fjöldi | starfshlutfall | menntunarsstig, fjöldi |              |                       |            |               |            |
|--|--------|----------------|------------------------|--------------|-----------------------|------------|---------------|------------|
|  |        |                | Leikskólakennari       | proskapjálfi | Önnur uppeldismenntun | Diplomanám | Leikskólaliði | Ófaglærðir |
| Leikskólastjóri                                | 1      | 1              | 1                      | 0            | 0                     | 1          | 0             | 0          |
| Aðstoðarleikskólastjóri                        | 0      | 0              | 0                      | 0            | 0                     | 0          | 0             | 0          |
| Leikskólakennari                               | 3      | 3              | 3                      | 0            | 0                     | 0          | 0             | 0          |
| Starfsmaður í leikskóla                        | 4      | 2,791          | 0                      | 0            | 1                     | 0          | 1             | 2          |
| Sérkennslustjóri/verkefnastjóri námsaðlögunar/ | 0      | 0              | 0                      | 0            | 0                     | 0          | 0             | 0          |
| Leikskólasérkennari/stuðningsaðili             | 1      | 0,956          | 1                      | 0            | 0                     | 0          | 0             | 0          |
| Starfsmaður í eldhúsi                          | 1      | 1              | 0                      | 0            | 0                     | 0          | 0             | 0          |
| Starfsmaður í eldhúsi/starfsmaður í leikskóla  | 1      | 0,975          | 0                      | 0            | 0                     | 0          | 0             | 1          |
| Starfsmaður í leikskóla/ræsting                | 2      | 1,975          | 0                      | 0            | 0                     | 0          | 0             | 2          |
| Skólaliði í almennri afleysingu                | 0      | 0              | 0                      | 0            | 0                     | 0          | 0             | 0          |
| Annað  | 0      | 0              | 0                      | 0            | 0                     | 0          | 0             | 0          |
| Alls   | 13     | 11,697         | 5                      | 0            | 1                     | 1          | 1             | 5          |



## 6.1 Skipurit



- **Leikskólastjóri** stjórnar daglegri starfsemi leikskólans og ber rekstrarlega sem faglega ábyrgð á starfi leikskólans.
- **Staðgengill leikskólastjóra** sinnir störfum leikskólastjóra ef hann er fjarverandi um lengri tíma.
- **Deildarstjóri** stjórnar daglegu starfi deildarinnar, vinnu að uppeldi og menntun barnanna og er faglegur leiðtogi fyrir starfsmenn og foreldra.
- **Leikskólakennari** vinnur að uppeldi og menntun barnanna, tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.
- **Leikskólasérkennari** vinnur að uppeldi og menntun barnanna, veitir börnum með sérþarfir sértaka aðstoð og kennslu, leiðbeinir starfsfólki deildarinnar ásamt deildarstjóra þannig að allir geti tekið þátt í kennslu barna með sérþarfir og starfar samkvæmt starfslýsingu leikskólasérkennara undir stjórn deildarstjóra.
- **Leiðbeinandi** vinnur að uppeldi og menntun barnanna undir stjórn deildarstjóra og leikskólakennara.



- **Matráður** sér um matseld og útbýr matseðil fyrir mánuðinn í samvinnu við leikskólastjóra og deildarstjóra. Sér einnig um innkaup.
- **Ræstitæknir** sér um öll þrif á húsnæði leikskólans og afleysingu inn á deild.
- **Aðstoð inn í eldhúsi** sér um að aðstoða matráð í hádegi m.a. í framreiðslu, leggja á borð og frágangi.

## 6.2 Starfsþróunarsamtöl

Að minnsta kosti einu sinni á ári fara starfsmenn í starfsþróunarsamtal hjá leikskólastjóra. Þegar starfsmaður er boðaður í viðtalið fær hann undirbúningsblað svo hann geti sem best undirbúið sig fyrir samtalið.

Tilgangur samtalsins er að gefa starfsmönnum og yfirmönnum tækifæri til að ræða saman við þægilegar aðstæður þar sem starfið, frammistaða og framtíðin eru rædd og um leið bæta samstarfið og auka starfsánægju.

## 6.3 Símenntunaráætlun

Á hverju hausti gerum við símenntunaráætlun fyrir næsta starfsár. Fylgst er vel með öllum þeim námskeiðum og ráðstefnum sem eru í boði og starfsmenn hvattir til að nýta sér. Einnig býður Sveitarfélagið upp á margskonar námskeið í samvinnu við Farskólann og eru starfsmenn sömuleiðis hvattir til að nýta sér þau námskeið.



**Símenntunaráætlun fyrir veturinn 2021-2022**

Bláir reitir tákna fræðslu á árinu. Gulir reitir tákna fræðslu eftir þörfum.

| <b>Símenntunaráætlun Tröllaborgar</b>             | <b>Hve oft</b> | <b>Síðast</b> | <b>Áætlun</b>      | <b>Hverjir</b>   |
|---|----------------|---------------|--------------------|--|
| Andleg vellíðan í starfi                          | 3. hvert ár    |               | Haust 2022         | allir  |
| Barnavernd og tilkynningaskylda                   | 3. hvert ár    | 14. okt. 2020 | haust 2023         | allir  |
| Verndarar barna - fræðsla                         | 2. hvert ár    | 4. jan. 2021  | 17. sept. 2021     | allir  |
| Brunaæfing - upprifjun                            | árlega         |               | haust 2021         | allir  |
| Brunaæfing með slökkvitæki                        | reglulega      |               |                    | allir  |
| Flokkun - upprifjun                               | 2. hvert ár    |               | 3. nóv. 2021       | allir  |
| Gátlistar t.d. MIO, AEPS, Gerdstrand, HLJÓM, TRAS | eftir þörfum   | mars 2020     | 1.-2. sept. 2021   | leikskóla-sérkennari deildarstjórar                            |
| Hollusta og næring                                | 3. hvert ár    | vor 2021      | 2024               | allir  |
| Hreyfing, útikennsla, umhverfisvitund             | árlega         |               | veturinn 2021-2022 | Sprotasjóður samstarf Hólaskóli, GaV Hólum og Tröllaborg Hólum |
| Líkamsbeiting, vinnustellingar, vinnutækni        | 2. hvert ár    | vor 2020      | haust 2021         | allir  |
| Málörvun, máltaka, læsi, Tákni með tali           | eftir þörfum   |               | 17. sept. 2021     | allir  |
| Talaðu við mig, gæðamálörvun í leikskóla          |                |               | veturinn 2021-2022 | leikskólasérkennari leikskólakennari                           |
| Skyndihjálp                                       | 2. hvert ár    | vor 2019      | 3. nóv. 2021       | allir  |
| SMT - farið í einstök atriði, unnið með dæmi fl.  | árlega         | 8. sept. 2020 | 7. sept. 2021      | allir  |
| SMT - upprifjun                                   | árlega         | 8. sept. 2020 | 7. sept. 2021      | allir  |
| Stærðfræði t.d. Numicon, einingakubbar            | eftir þörfum   |               |                    | deildarstjórar   |
| Vináttuverkefni                                   | eftir þörfum   | haust 2017    |                    | hópstjórar vinaverkefni  |



## 7 Áhersluatriði Tröllaborgar

Í Tröllaborg er unnið eftir Aðalnámskrá leikskóla. Kenningar Deweys og Vygotskys eru notaðar til grundvallar í starfi leikskólans. Dewey lagði áherslu á að lifa og læra væru samofnir þættir. Börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Vygotsky taldi nám eiga sér stað í félagslegu samhengi milli barns og einstaklings sem hefur meiri þekkingu. Tröllaborg er Heilsueflandi leikskóli, SMT leikskóli og vináttu leikskóli. Mikil áhersla er á að leikurinn fái notið sín í öllum sínum fjölbreytileika. Einnig er lögð áhersla á umhverfismennt, hreyfingu, næringu, geðrækt og félagslega færni með jákvæðni að leiðarljósi.

Markmiðunum náum við með því að gefa góðan tíma til leikja og bjóða upp á fjölbreyttan efnivið. Í minni hópum er unnið með sérstök viðfangsefni t.d. *Lubba* sem er málörvunarefni og *Numicon* stærðfræðikubba.

### 7.1 Leikur

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og góð námsleið fyrir börnin. Að leika sér er það sama og að læra að afla sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottnei leikur barnsins er talinn leikur leikjanna.

Í gegnum leikinn fá börnin meðal annars tækifæri til að:

- skapa leikinn úr eigin hugarheimi,
- taka ákvarðanir á eigin forsendum,
- leita lausna,
- endurspeglu reynsluheim sinn,
- einbeita sér,
- fá útrás fyrir tilfinningar sínar,
- taka tillit til annarra,
- öðlast samkennd og vináttu.

Í Tröllaborg er lögð mikil áhersla á leikinn og er mest öllu námi sem fram fer í leikskólanum fléttað inn í leikinn. Hugað er sérstaklega vel að því að börnin hafi næg tækifæri til að leika sér. Leikefni leikskólans er fjölbreytt og



miðar að því að börnin fái öll notið sín eftir áhugasviðum og þroska. Hvert tækifæri er notað til ýmissa hreyfileikja bæði úti og inni.

## **7.2 Heilsueflandi leikskóli**

Haustið 2016 sótti Tröllaborg um til Embættis landlæknis að gerast „heilsueflandi leikskóli“ og vorum við tekin inn í verkefnið í byrjun nóvember 2016. Heilsueflandi leikskólum er ætlað að styðja við markvissa vinnu að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru heilbrigði og velferð einn af sex grunnþáttum menntunar sem leikskólar eiga að hafa að leiðarljósi og innleiða í öllu sínu starfi. Mikill samhljómur er með starfi Heilsueflandi leikskóla og grunnþættinum um heilbrigði og velferð. Heilsueflandi leikskóli nýttist okkur í Tröllaborg sem gott verkfæri til að vinna markvisst að heilsueflingu og flétta hana inn í daglegt starf leikskólans. Á þessu leikskólaári verður áfram lögð áhersla á hreyfingu og sjónum okkar beint sérstaklega að jóga, skipulögðum hreyfistundum og slökun. Eftir áramót tókum við aftur fyrir tannheilsu.

## **7.3 Umhverfismennt**

Í Tröllaborg hefur mikið verið lagt upp úr umhverfismennt. Við leggjum áherslu á að börnin læri um nærsamfélagið, gangi vel um umhverfið og læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og öllum hennar fjölbreytileika. Útikennsla er okkar aðalsmerki. Sprotasjóður styrkti Leikskólann Tröllaborg á Hólum, Grunnskólann austan Vatna á Hólum og Háskólann á Hólum í samvinnuverkefni þar sem útkennslan verður þróuð áfram og gerðar kennsluleiðbeiningar og verkefnabanki.

## **7.4 Lestur – Lestur er börnum bestur**

Haustið 2017 var gefin út lestrarstefna fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Slagorð lestrarstefnunnar er „Lestur er börnum bestur“. Lestrarstefnan var send inn á hvert heimili skólabarna í



Skagafirði og má sjá hana í heild sinni [hér](#). Í leikskólanum Tröllaborg er unnið eftir lestrarstefnunni og lögð er mikil áhersla á bernskulæsi.

Í leikskólanum er lestrarhvetjandi umhverfi þar sem lögð er áhersla á sjónræna meðvitund barnanna um rituð tákni með því að hafa flesta hluti í umhverfinu merkta og í þeirra augnhæð. Börn læra að þekkja orðmyndir eins og nöfnin sín.

Á báðum deildum er bókasafn sem börnin hafa haft aðgengi að. Vegna hertra reglna um sóttvarnir í leikskólanum verða bækur settar inn á deild reglulega á þessu leikskólaári en ekki til útláns.

Starfsfólk leikskólans sækist eftir því að efla orðaforða barnanna í daglegu starfi leikskólans. Verkefni og leikir sem notaðir eru í daglegu amstri eiga að hvetja börnin til að tjá sig með orðum, læra ný orð og setningar. Starfsfólkið leggur áherslu á að vanda málfar sitt og vera þannig góð fyrirmynd.

Lesturinn tengist inn í samstarfið við grunnskólann og er sérstaklega getið um það í kaflanum um samstarf skólastigana.

## **7.5 Tákni með tali**

Í Tröllaborg á Hólum notum við tákni með tali með börnunum.

Tákni með tali (TMT) er tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða. Það er byggt á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali.

Í TMT eru tákni alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hvernar setningar, eitt eða fleiri, táknuð. TMT er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barna.

Mikilvægt er að hafa það í huga þegar verið er að nota TMT að útfærsla tákna getur verið persónubundin og er í raun ekkert rétt eða rangt til í þeim efnum. Tákni með tali aðferðin er mikið notuð í leikskólum hér á landi og erlendis og nýtist ekki eingöngu málhömluðu barni heldur einnig börnum sem eru sein í gang hvað málþroska varðar sem og þeim sem koma frá öðru málumhverfi. Öll börn geta haft verulegt gagn af markvissu TMT –umhverfi.



## 7.6 Stærðfræði

Stærðfræði er mikilvægur þáttur í lífi okkar allra og leggjum við áherslu á ýmis konar bygginga-, flokkunar- og röðunarleiki til að efla stærðfræðilega hugsun.

Við notum meðal annars stærðfræðikubba sem heita Numicon. Numicon er hannað með það í huga að nýta þrjá af meginstyrkleikum ungra barna. Stærðfræðilega séð er Numicon samið til að hjálpa börnum að sjá tengslin milli talna með því að handleika og búa til tengsl milli mynda.

Meginhugmyndin er að börn skilji og átti sig á að tölustafir eru ekki bara tákni sem eru sett niður á blað af einhverju handahófi heldur mynda þeir mjög skipulagt kerfi þar sem alls konar mynstur koma fyrir. Kubbarnir auðvelda nemendum að sjá mynstrið í stærðfræðinni, spá fyrir um og þannig uppgötva reglur. Rökhugsun styrkist og til dæmis er hægt að færa rök fyrir talningu hluta með því raða upp í Numicon mynstur. Þegar unnið er með kubba er til dæmis gott að átta sig á hvað er oddatala og hvaða tala er slétt þegar tölurnar eru handfjatlaðar sem Numicon kubbur.

Þar að auki vinnur skólahópurinn með stærðfræðibók sem heitir *Sproti 1a*. Einingakubbum sem byggja á stærðfræðihugtökum er einnig gefið gott rými í leiknum. Byrjað er að kynna grunnhugtök eins og hringur, þríhyrningur og ferhyrningur og síðan er byggt ofan á þekkingu barnanna eftir því sem þau eldast og þroskast.

Í Tröllaborg fléttum við stærðfræðina inn í allt daglegt starf leikskólans eins og t.d. við matarborðið þar sem börnin æfa sig að telja hnífapör, diska og glös. Stærðfræði fer einnig fram í fataklefanum, söng, í skipulögðu starfi sem og í frjálsum leik. Tölustafir eru hafðir sýnilegir í umhverfi barnanna.

Í útikennslunni eru gerðar mælingar, kannanir sem eru skráðar í súluritum og verkefni tengd formum og fjölda.

Börnin eru hvött til að leysa stærðfræðiþrautir og átta sig á afstöðu hluta.



## **7.7 Félagsleg færni – lífsleikni**

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þar sem lífsleikni er færni til að takast á við lífið sjálft að þá höfum við í Tröllaborg valið að flétta lífsleiknina inn í daglega þætti leikskólastarfsins. Börnin læra fljótt að ákveðnar reglur gilda í leikskólanum og eru yfirleitt fljót að tileinka sér þær. Börn hafa þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Nauðsynlegt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðru fólki. Besta leiðin til þess er að sýna þeim sjálfum virðingu.

## **7.8 SMT – skólafærni**

Markmið SMT-skólafærni (Hafnafirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support/PBS) er að skapa gott andrúmsloft í skólum með því að veita almennan jákvæðan stuðning við hegðun nemanda og að tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Þessi nálgun byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga í Oregon í Bandaríkjunum og er framkvæmd í samráði við þá. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna nemendum fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Leikskólinn Tröllaborg útskrifaðist sem sjálfstæður SMT leikskóli í mars 2015. Til að verða sjálfstæður SMT leikskóli þarf að uppfylla ákveðin skilyrði og er utanaðkomandi ráðgjafi sem stýrir því. Skilyrðin eru meðal annars að útbúa möppu með ýmsum upplýsingum og leiðbeiningum, búa til reglur og hengja upp á vegg. En það er ekki nóg að búa til reglurnar það þarf að kenna þær. Starfsmenn verða að tileinka sér jákvæða framkomu gagnvart bæði börnum og samstarfsmönnum. Þegar þessu er náð taka starfsmenn við af ráðgjafanum og halda sjálfir utan um verkefnið.



## **7.9 Skapandi starf**

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.

Í leikskólanum Tröllaborg fá börnin nægan tíma til að byggja upp leiki þannig að hugmyndaflug þeirra fái notið sín. Þeim gefast tækifæri til að skapa eigin heima úr öllum þeim efnivið sem leikskólinn býður upp á. Einu sinni í viku er markvisst farið í skapandi starf tengt listum. Aðra daga fá þau nokkuð frjálssar hendur til ýmis sköpunar til dæmis í formi teikninga, byggingavinnu og sköpunar í leik. Starfsfólk leikskólans reynir að finna leiðir til að hvetja börnin til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða.



## 8 Skólastarfið 2021-2022

Starfið í Tröllaborg er fjölbreytt og er megin markmiðið að öllum líði vel og fá notið sín á eigin forsendum. Á hverju vori er gert skóladagatal þar sem fram koma starfsdagar og helstu uppákomudagar leikskólans. Skóladagatalið er á heimasíðu leikskólans og fylgir einnig með sem fylgiskjal (sjá fylgiskjal 2). Starfsmenn gera kennsluáætlun þar sem fram kemur dagskipulagið og hvernig starfinu er skipt niður á hvern mánuð. Inn í þetta skipulag er svo fléttað ýmsum hefðum sem eru samofnar starfinu. Einnig er gerð sérstök ársáætlun fyrir hvora deild þar sem allir helstu atburðir skólaársins eru settir inn.

| Dagskipulag á Hólum |   |
|---------------------|---|
| 07:45 - 09:00       | Rólegur leikur inni                                     |
| 08:10 - 09:00       | Morgunmatur (flæði)                                     |
| 09:00 - 10:30       | Útivist   |
| 10:30 - 10:45       | Ávextir   |
| 10:45 - 11:45       | Skipulagt starf/Hópastarf/Leikur                        |
| 11:45 - 12:00       | Samverustund/Söngstund                                  |
| 12:00 - 12:30       | Hádegismatur  |
| 12:30 - 13:00       | Lestur/Lubbastund/Vinastund/<br>hvíld/slökun/hugleiðsla |
| 13:00 - 14:45       | Leikur úti/inni   |
| 14:45 - 15:00       | Nónhressing   |
| 15:00 - 16:15       | Útivist   |





| Dagskipulag á Hofsósi |                             |
|-----------------------|-----------------------------|
| 08:00 – 08:30         | Rólegur leikur inni         |
| 08:30 - 09:00         | Morgunmatur                 |
| 09:00 - 10:00         | Útivist                     |
| 10:00 - 10:15         | Ávextir                     |
| 10:15 - 11:15         | Skipulagt starf/Leikur      |
| 11:15 - 11:30         | Samverustund/Söngstund      |
| 11:30 - 12:00         | Hádegismatur                |
| 12:00 – 12:30         | Lestur/hvíld/slökun/Vinátta |
| 12:30 – 14:30         | Leikur úti/inni             |
| 14:30 - 15:00         | Nónhressing                 |
| 15:00 - 16:00         | Leikur úti/inni             |

**8.1 Ársáætlun Brúsabæjar 2021-2022**

| Ágúst                       | september                    | október        | nóvember                      | desember                                   | janúar                    | febrúar                       | mars                               | apríl                      | maí                     | júní |
|-----------------------------|------------------------------|----------------|-------------------------------|--|---------------------------|-------------------------------|------------------------------------|----------------------------|-------------------------|------|
| Aðlögun                     | 8. Dagur læsis               | 8. Sláturgerð  | Búa til jólagjafir            | 1. Jóladagatal/<br>Jólaskreyting           | 10. Hópastarf hefst       | 6. Dagur leikskólans          | 2. Grímu-<br>ball                  | Páskaföndur                | Myndlistar-<br>sýning   |      |
| 23.<br>Hópastarf<br>hefst   | 9.-13.<br>Bókavika           | Jól í skókassa | 9.-12.<br>Foreldraviðtöl      | Piparköku-<br>bakstur með<br>grunnskólanum | 4. Útikennsla hefst       | 21.-25.<br>Búa til bolluvendi | 15.-18.<br>Foreldra-<br>viðtöl     | Kynnisferð?                | 20.<br>Hópastarfi lýkur |      |
| 31.<br>Útikennsla<br>byrjar | 16. Dagur íslenskrar náttúru |                | 16.<br>Dagur íslenskrar tungu | Piparköku-<br>málun með<br>grunnskólanum   | Búa til þorra-<br>kórónur |                               | Skóla-<br>heimsókn<br>5. ára barna | 25.<br>Umhverfis-<br>dagur | 24.<br>Útikennslu lýkur |      |
|                             |                              |                | Haust-<br>skemmtun            | 10. Hópastarfi lýkur                       | 28.<br>Þorrablót          |                               | 28.3. – 1.4.<br>Þemavika           | Sæluviku-<br>leiksýning    |                         |      |
|                             |                              |                | 22.-25.<br>Danskennsla        | 14. Útikennslu lýkur                       |                           |                               |                                    |                            |                         |      |
|                             |                              |                |                               | 17. Litlu jólin                            |                           |                               |                                    |                            |                         |      |



## 8.2 Ársáætlun Barnaborgar 2021-2022

| Ágúst                           | september                                | október        | nóvember              | desember           | janúar                 | febrúar              | mars                   | apríl        | maí                              | júní                 |
|---------------------------------|--|----------------|-----------------------|--------------------|------------------------|----------------------|------------------------|--------------|----------------------------------|----------------------|
| Gulur dagur                     | Grænn dagur                              | Bleikur dagur  | Grár dagur            | Hvítur dagur       | Svartur vasaljósadagur | Rauður dagur         | Fjólublár dagur        | Blár dagur   | Brúnn dagur                      | Appelsínugulur dagur |
| Aðlögun                         | Ég sjálf/-ur þema tengt vináttu          | Jól í skókassa | Aðlögun?              | 1.-22. jóladagatal | Aðlögun?               | 6. Dagur leikskólans | 15.-18. Foreldraviðtöl | Páska-föndur | 2.-6. Skólahópur í skólaheimsókn | Göngu-ferðir         |
| 30. vetrarstarfið byrjar        | Bókavika 6.-10. í tengslum við dag læsis | 13. sláturgerð | 22.-25. Danskensla    | Piparkökumálun     | 17.-20. danskensla     | Tannvernd            | Grímuball              |              | Umferðar-skólinn þema            | Útilistadagur        |
| 12. útilistadagur               |  |                | Piparkökubakstur      | 17. Litlu jólin    | Þorrablót              | Bolluvendir          |                        |              | Vetrarstarfi lýkur               |                      |
| 30. íþróttir hjá skólahóp byrja |  |                | Jólaskreyting         |                    |                        |                      |                        |              | Myndlistar-sýning                |                      |
|                                 |  |                | 9.-12. Foreldraviðtöl |                    |                        |                      |                        |              | Útskrift skólahóps               |                      |



### 8.3 Skólanámskrá

Ný *Aðalnámskrá leikskóla* var gefin út af menntamálaráðuneytinu árið 2011 og er gerð á grundvelli 13.gr. *Laga um leikskóla* nr. 90/2008. Aðalnámskráin er leiðarvísir fyrir allt leikskólastarf.

Í aðalnámskránni kemur fram að hver og einn leikskóli skuli semja sína eigin skólanámskrá. Í skólanámskránni eiga helstu áhersluatriði í starfsháttum og uppeldissýn leikskólans að koma fram, auk þeirra séreinkenna sem leikskólinn býr yfir.

Skólanámskráin er yfirlýsing um þá hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar í starfi leikskólans. Skólanámskráin:

- gerir leikskólastarfið sýnilegra,
- veitir yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla,
- veitir heildarsýn yfir uppeldisstarfið,
- gerir leikskólastarfið markvissara og auðveldara,
- gefur starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því,
- gerir nýliðum auðveldara að komast inn í starfið,
- auðveldar markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila.

Skólanámskráin er öllum aðgengileg á heimasíðu leikskólans, sjá [hér](#).

#### 8.3.1 Endurskoðun skólanámskrár

Skólanámskráin er endurskoðuð að lágmarki á tveggja til þriggja ára fresti. Í apríl 2018 kom hún út aukin og endurbætt og er næsta endurskoðun áætluð nú í vetur.

### 8.4 Þroski og framfarir

Leikskólakennarar leggja mat sitt á almennan þroska barnanna út frá þekkingu sinni, reynslu og viðmiðum við barnahópin hverju sinni. Leikskólakennarar fylla út sérstakt eyðublað eftir því sem þroski og þekking barnsins eykst. Þannig er hægt að fylgjast með þroskaferli barnsins.

Til að stuðla enn frekar að faglegum og markvissum vinnubrögðum í leikskólanum eru notaðir matslistarnir TRAS, Mio og Gerd Strand ásamt



skimununum Íslenski máhljóðamælirinn og Hljóm-2. Ef grunur er um þroskafrávik er notað við nánari greiningar:

- Íslenski þroskalistinn,
- Smábarnalistinn,
- AAL listinn.

Ef barnið kemur ekki vel út í þessum athugunum er vísað til annarra sérfræðinga en aldrei án samþykkis foreldra/forsjáraðila.

#### **8.4.1 TRAS**

TRAS er skráning á málþroska barna á leikskólaaldri. Barnið er metið þegar það er rúmlega tveggja ára og síðan á hálfis árs fresti fram að fimm ára aldri. Skráningin gefur vísbendingar um hvar barn er stött í málþroska á ákveðnum tímamarki og hvernig málþroski þess þróast.

#### **8.4.2 Mio**

Skimunarefnið er ætlað að greina styrkleika og veikleika barna í stærðfræði og mæta þeim þar sem þau eru stödd. Skimunartækinu er ætlað að finna þau börn sem þurfa frekari athygli og tækifæri til að vinna með þá þætti sem undirbúningi fyrir stærðfræðinámi. Að góðum grunni í stærðfræði býr barnið alla tíð. Barnið er metið þegar það er rúmlega tveggja ára og síðan a.m.k. einu sinni á ári þar til listinn hefur verið fylltur út.

#### **8.4.3 Matslisti Gerd Strand**

Matslisti eftir *Gerd Strand* er huglægur matslisti sem tekur yfir:

- gróf- og fínhyfingar,
- hegðun,
- mál og tal,
- virkni,
- samskipti,
- þekkingu.

Með þessari könnun fæst skýrari mynd af stöðu nemenda styrkir stöðu þeirra í samvinnu við foreldra, samstarfsfólk og aðra sérfræðinga. Matlistinn er byggður upp með fjögurra ára „meðalnemanda“ í huga. Við fyllum þennan lista út í kringum fjöggra ára afmælisdag barnsins



#### **8.4.4 Íslenski máhljóðamælinn**

*Íslenski máhljóðamælinn* er íslenskt skimunarpróf í spjaldtölvu sem metur framburð, hljóðkerfisþætti og skiljanleika tals hjá öllum börnum frá tveggja ára aldri. Máhljóðamælinn gefur strax niðurstöður um stöðu í framburði og upplýsir hvaða máhljóð þarf að þjálf.

#### **8.4.5 Hljóm-2**

*Hljóm-2* er athugun á hljóð- og málvitund barna og er lagt fyrir elsta árganginn í september/október. Með því að leggja fyrir börnin *Hljóm-2* prófið er hægt að finna fyrir út hvaða börn eru líkleg til að lenda í lestrarerfiðleikum síðar. Þessi gögn fylgja svo barninu í grunnskólann og getur grunnskólinn þá strax farið að vinna með barninu.

Unnið er út frá niðurstöðum *Hljóms-2* í málrækt á skólaárinu og þá ekki bundið eingöngu við skólahóp heldur er farið alveg niður í tveggja ára börn og unnið með þá þætti sem ekki komu vel út á hljómprófinu.

#### **8.4.6 Íslenski þroskalistinn**

Ef grunur er um einhver þroskafrávik hjá barni eru foreldrar þess beðnir um að fylla út *Íslenska þroskalistann* sem tekur miða af mál- og hreyfiþroska barna. Leikskólakennari fer svo yfir listann og kynnir niðurstöður fyrir foreldum/forráðamönnum sem saman meta hvort frekari aðgerða sé þörf. *Íslenski þroskalistinn* er fyrir börn á aldrinum 3 – 6 ára.

#### **8.4.7 Smábarnalistinn**

Ef grunur er um einhver þroskafrávik hjá barni eru foreldrar þess beðnir um að fylla út *Íslenska smábarnalistann* sem tekur miða af mál- og hreyfiþroska barna. Leikskólakennari fer svo yfir listann og kynnir niðurstöður fyrir foreldum/forráðamönnum sem saman meta hvort frekari aðgerða sé þörf. *Íslenski smábarnalistinn* er fyrir börn á aldrinum 15 - 38 mánaða.

#### **8.4.8 AAL – listi**

*AAL- listinn* var hannaður sem athugunarlisti fyrir starfsfólk leikskóla til að kanna atferli barna, ef áhyggjur eru fyrir hendi varðandi erfiðleika hjá börnum. Mælitækið gefur skipulega og hlutlæga lýsingu á atferli barna í



þeim tilgangi að finna þau börn sem eru með tilfinningaleg vandamál og hegðunarerfiðleika svo hægt sé að veita þeim viðeigandi stuðning.

## 8.5 Útikennsla/útinám

Útikennsla er einu sinni í viku þar sem fjögurra og fimm ára börnin fara út í sitt nánasta umhverfi og vinna fjölbreytt verkefni sem tengjast markmiðum okkar úr skólanámskránni. Skipulag skólaársins:

- Á Hólum er útinám milli 9:45 og 11:45 á þriðjudögum. Þar taka þátt fjögurra og fimm ára börnin ásamt 1.- 7. bekk grunnskólans.
- Á Hofsósi er útinám milli 10 og 11:30 á miðvikudögum. Þar taka tveir elstu árgangarnir þátt. Á fimmtudögum tekur sami hópur þátt í útikennslu með 1. – 4. bekk frá 13:15 – 13:55.

## 8.6 SMT

Leikskólinn Tröllaborg er sjálfstæður SMT-leikskóli. Sjálfstæðir SMT-leikskólar þurfa ekki utanaðkomandi aðstoð við utanumhald um kennslu reglna og skráningu á hegðunarfrávikum. Innan leikskólans er sjálfstætt starfandi lausnateymi vegna nemenda með hegðunar- og samskiptaörðugleika. Í teyminu situr leikskólastjóri og deildarstjórar. Hlutverk teymisins er að vera ráðgefandi aðili við kennara vegna samskipta- og hegðunarerfiðleika nemenda. Teymið hittist tvisvar á önn, klukkustund í senn á skólaárinu.

### 8.6.1 SMT kennsluáætlun 2021-2022 í Brúsabæ

Gert er ráð fyrir að fylla út í þríhyrninginn fyrstu vikuna í nóvember 2021 og síðustu vikuna í mars 2022.

Kennslan fer fram á fimmtudögum klukkan 14:30

| SMT kennsluáætlun Brúsabæjar 2021-2022 |                              |
|--|------------------------------|
| 9. sept. 2021                          |                              |
| Matsalurinn                            | Fara eftir fyrir mælum       |
|  | Hafa hendur og fætur hjá sér |



|                       |   |
|-----------------------|---|
|                       | Nota inni röddina   |
|                       | Vera á sínu svæði   |
| <b>16. sept. 2021</b> |   |
|                       | Einveruferill   |
| <b>23. sept. 2021</b> |   |
| <i>Fataherbergi</i>   | Fara eftir fyriræmælum  |
|                       | Hafa hendur og fætur hjá sér  |
|                       | Nota inni röddina   |
|                       | Vera á sínu svæði   |
| <b>30. sept. 2021</b> |   |
| <i>Snyrting</i>       | Fara eftir fyriræmælum  |
|                       | Hafa hendur og fætur hjá sér  |
|                       | Nota inni röddina   |
|                       | Vera á sínu svæði   |
|                       | Að þvo hendur   |
|                       | Að gefa næði  |
| <b>október 2021</b>   | Gert er ráð fyrir að skrá öll atvik í fyrstu vikunni  |
| <b>7. okt. 2021</b>   |   |
| <i>Samverustund</i>   | Fara eftir fyriræmælum  |
|                       | Hafa hendur og fætur hjá sér  |
|                       | Nota inni röddina   |
|                       | Vera á sínu svæði   |
| <b>14. okt. 2021</b>  |   |
| <i>Leikur</i>         | Hafa hendur og fætur hjá sér  |
|                       | Nota inni röddina   |
|                       | Vera á sínu svæði   |
| <b>21. okt. 2021</b>  |   |
| <i>Hópastarf</i>      | Fara eftir fyriræmælum  |
|                       | Hafa hendur og fætur hjá sér  |
|                       | Nota inni röddina   |
|                       | Vera á sínu svæði   |
| <b>28. okt. 2021</b>  |   |
| <i>SMT - Dagur</i>    | Flöggum fánanum og koma í litríkum fötum þ.e. gulu, rauðu, grænu og bláu eins og litirnir í flugdrekanum á SMT fánanum. Kannski að baka muffins með SMT litum í kreminu |
| <b>febrúar 2022</b>   | Skráningar á öllum atvikun í fyrstu vikunni   |
| <b>apríl 2022</b>     | Skráningar á öllum atvikun í fyrstu vikunni   |





### 8.6.2 SMT kennsluáætlun 2021-2022 í Barnaborg

|                       | SMT kennsluáætlun Barnaborgar 2021-2022 |
|-----------------------|---|
| <b>9. sept. 2021</b>  |   |
|                       | Fara eftir fyrirmælum                   |
| <b>16. sept. 2021</b> |   |
|                       | Hafa hendur og fætur hjá sér            |
| <b>23. sept. 2021</b> |   |
|                       | Nota inni röddina                       |
| <b>30. sept. 2021</b> |   |
|                       | Vera á sínu svæði                       |
| <b>7. okt. 2021</b>   |   |
|                       | Þvo hendur                              |
| <b>8. okt. 2021</b>   |   |
|                       | Þríhyrningur lagður fyrir               |
| <b>14. okt. 2021</b>  |   |
|                       | Einveruferill                           |
| <b>9. mars 2022</b>   |   |
|                       | Einveruferill                           |
| <b>11. mars 2022</b>  |   |
|                       | Þríhyrningur lagður fyrir               |

Upprifjun verður á reglum eftir þörfum.

## 8.7 Læsi

Á skólaárinu ætlar leikskólinn Tröllaborg að halda áfram að efla undirbúning undir lestur. Starfsfólkið vinnur eftir kennsluáætlun fyrir „bókstaf vikunnar“. Þá eru bókstafir markvisst lagðir inn, einn á viku. Með þessu móti leitast leikskólinn við að efla áhuga nemenda á bókstöfum, hljóðum þeirra og innbyrðis tengslum.

Við höfum tekið saman kennslugögn tengd læsi sem til eru og hefur auk þess verið keypt kennsluefni eins og stafakubbar og spil sem hægt er að nota til að auka hljóðkerfisvitund barna.

Frá byrjun er unnið með þá þætti sem hafa hvað mest áhrif á forvitni barna um lestur og færni þeirra til lestrarnáms. Lesið er fyrir börnin á hverjum



degi og hafa börnin frjálsan aðgang að bókum og geta alltaf náð sér í bók að „lesa“. Starfsfólk leikskólans sækist eftir því að efla orðaforða barnanna í daglegu starfi leikskólans. Verkefni og leikir sem notaðir eru í daglegu amstri eiga að hvetja börnin til að tjá sig með orðum, læra ný orð og setningar. Hópastarf og samverustundir nýtast sérlega vel til þess, auk frjálsa leiksins þar sem börnin æfa sig í að nota það sem þau hafa gert.

Helstu leiðir sem farnar verða til að efla læsi eru að:

- Vera með verkefni úr bókunum *Markviss málörvun*, *Lubbi finnur málbein* og *Ljáðu mér eyra*.
- Nota orðaleiki og leika sér með orð.
- Lesa bækur/sögur daglega fyrir börnin og ræða innihaldið.
- Nota söguteningana og söguspil til að þjálfra börnin í að búa til sögu.
- Hafa bækur aðgengilegar fyrir börnin.
- Æfa blýantsgrip og nemendur byrja að draga til stafs og skrifa nafn sitt.
- Flokka stafi og tengja há- og lágstaf.
- Nota tölvuforrit sem tengjast hljóðum og stöfum.
- Læra lög, vísur og þulur.
- Segja sögur, lesa fyrir börnin og syngja með þeim, en það er mikilvægt atriði í námi barna og skapar undirstöðu læsis.

Skriffæri eru aðgengileg á deilinni og lögð áhersla á að börnin merki verkin sín. Skriffæri eru einnig notuð í frjálsum leik, þar sem börnin t.d. taka niður pöntun viðskiptavina eða skrá niður innkaupamiða.

Sungið er daglega í leikskólanum. Í söngnum er æfður taktur, orðaforði og einnig eru orðatiltæki og málshættir ræddir. Söngurinn gefur einnig tækifæri til þess að æfa að klappa samstöfur og spá í orð sem ríma.

## 8.8 Lubbastund

Lubbastundir byggjast á bókinni *Lubbi finnur málbein* eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur. Hvert máhljóð er tekið fyrir á síðu eða opnu. Hverju máhljóði fylgir ákveðið lag og stutt saga þar sem lögð er sérstök



áhersla á hvert hljóð fyrir sig. Með hverjum bókstaf fylgir tákn sem við æfum okkur með hverju sinni. Síðan er unnið með bókstarf vikunnar á fjölbreyttan hátt t.d. prenta stafinn út og börnin líma í, stafurinn bakaður, fönðrað eitthvað sem byrjar á stafnum, finna starfinn í „stafasalati“ og fleira í þeim dúr.

## 8.9 Stærðfræði

Við í Tröllaborg leggjum áherslu á ýmis konar bygginga-, flokkunar- og röðunarleiki til að efla stærðfræðilega hugsun. Við vinnum t.d. með *Numicon* kubba. Kubbarnir eru hannaðir með það í huga að:

- börn geti handleikið, rannsakað, tekið eftir og kannað ólíkar fyrirmyndir og mynstur,
- kenna börnum á markvissan hátt að tölur eru "meira" eða "minna" en aðrar tölur,
- börn læri að sjá tölur sem heildir,
- hjálpa börnum að "sjá" magn og koma því yfir í þekktanleg mynstur,
- ýta undir skilning barna á talnagildum og að "sjá" tengslin á milli talna.

Kubbarnir eru notaðir í hópastarfi og frjálsum leik.

Þar að auki vinnur skólahópurinn með námsefnið *Sproti 1a*. Í útikennslunni eru gerðar mælingar, kannanir sem eru skráðar í súluritum og verkefni tengd formum og fjölda.

## 8.10 Vinátta

Við erum *Vináttu* leikskóli. Verkefnið byggir á fjórum grunngildum:

**Umburðarlyndi:** Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og koma fram við alla af virðingu.

**Virðing:** Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og virða mismunandi háttarni annarra.

**Umhyggja:** Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.



**Hugrekki:** Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Með verkefninu er gert ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi og þau verði samofin öllu starfi og samskiptum í leikskólasamfélaginu. Allir eru þátttakendur í verkefninu, börn, foreldrar þeirra og starfsmenn leikskólans.

### 8.10.1 Vinátta - kennsluáætlun Barnaborgar 2021-2022

Kennsluáætlun veturinn 2021-2022 er hér.

#### Áhersluatriðið er umburðarlyndi

##### 2. september

Blær kemur í heimsókn, kynnr sig og lætur þá sem ekki eiga bangsa fá bangsa.

#### Þemaverkefni

| Fimmtudagur 2.9   | Föstudagur 3.9   |
|---|--|
| Pláss fyrir alla.<br><b>Mynd nr. 1</b>  | <b>Mismunandi fjölskyldur og heimili</b>   |
| Verkefni:<br>Börnin teikna sjálfsmynd og svara nokkrum spurningum. Skoðum síðan hvað við eigum sameiginlegt og hvað ekki. | Verkefni:<br>Börnin sýna hinum börnunum heimilið sitt á mynd og segja frá því.<br>Síðan hengja þau myndirnar upp og tengja við kort af svæðinu.<br>Börnin teikna mynd af þeim sem búa í húsinu þeirra. |
| Allir leggja til mynd af heimilinu sínu og við setjum það á kort af svæðinu til að sjá hvar allir búa.                    |  |

- Hafa stóra Blæ alltaf með.



| SEPTEMBER   | OKTÓBER   | NÓVEMBER   |
|---|---|--|
| <b>6.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun                          | <b>4.</b><br><b>Mynd 7.</b><br>Allir eru góðir í<br>einhverju | <b>1.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun   |
| <b>13.</b><br><b>Mynd 13</b><br>Það er gott að fá<br>nudd frá vini<br>sínum | <b>11.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun           | <b>8.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun   |
| <b>20.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun                         | <b>18.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun           | <b>15.</b><br><b>Mynd 5.</b><br>Að hjálpa vini sínum |
| <b>27.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun                         | <b>25.</b><br><b>Mynd 26.</b><br>Ólíkar Tilfinningar          | <b>22.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun  |
|   |   | <b>27.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun  |



| JANÚAR  | FEBRÚAR   | MARS   | APRÍL  | MAÍ  |
|---|---|--|--|--|
| <b>10.</b><br><b>Mynd 23.</b><br>Að fara heim<br>með vini að<br>leika sér | <b>7.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og<br>slökun   | <b>7.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun     | <b>4.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og<br>slökun  | <b>2.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun           |
| <b>17.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og<br>slökun                    | <b>14.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og<br>slökun  | <b>14.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun    | <b>25.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og<br>slökun | <b>9.</b><br><b>Mynd 18.</b><br>Sumarhátíð í<br>leikskólanum |
| <b>24.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og<br>slökun                    | <b>21.</b><br><b>Mynd 25.</b><br>Hér er gott<br>að vera | <b>21.</b><br><b>Mynd 22.</b><br>Teiknið<br>sjálfsmynd |  |  |
| <b>31.</b><br><b>Mynd 12.</b><br>Þegar vinir<br>verða óvinir              | <b>28.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og<br>slökun  | <b>28.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist og slökun    |  |  |

- Tveir og tveir saman, einn fyrir framan hinn fyrir aftan.
- Biðja um leyfi áður en byrjað er.
- Snerta þann sem er nuddaður allan tíman líka þegar skipt er um hreyfingu.
- Það má bara tala við þann sem nuddar það.
- Að nuddi loknu takast nuddfélagarnir í hendur og segja „takk fyrir nuddið“/“takk fyrir að fá að nudda“.
- Nuddfélagarnir skipta um stöðu og nuddið er endurtekið.
- Slökunartónlist spiluð á meðan nuddað er.
- Muna að fá leyfi áður en nuddað er. Alltaf að snerta bakið, líka þegar farið er á milli hreyfinga.
- Muna að þakka fyrir nuddið/að fá að nudd.

**8.10.2 Vinátta – Kennsluáætlun 2021-2022 Brúsabæjar**

Í vináttustundum er stuðst við eftirfarandi áætlun:

| ÁGÚST  | SEPTEMBER  | OKTÓBER  | NÓVEMBER   | DESEMBER  |
|--|--|--|--|---|
| <b>24.</b><br>Blær kynnir sig. Ný börn fá afhenta litla vináttubangsa<br><b>Mynd nr 1.</b> Pláss fyrir alla Bók-nóra | <b>7.</b><br>Handþvottur með Blæ<br><b>Stoppdans saga</b>              | <b>5.</b><br>Mynd 25.<br>Hér er gott að vera                                 | <b>2.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Saga – Millý, Mollý og kærleikurinn | <b>7.</b><br><b>Mynd 4.</b><br>Hugrakkur félagi<br>Nuddstund                  |
| <b>31.</b>   | <b>14.</b><br>Nuddstund,<br>Blær kemur til Íslands<br>Sjá nuddskipulag | <b>12.</b><br>Mynd 13.<br>Það er gott að fá nudd frá vini sínum<br>Nuddstund | <b>9.</b><br><b>Mynd 6.</b><br>Börnin halda fund<br>Nuddstund        | <b>14.</b><br><b>Mynd 3.</b><br>Pabba og mömmuleikur – með hundi<br>Nuddstund |
|  | <b>21.</b><br><b>Börnin teikna vinamynd</b>                            | <b>19.</b><br>Nuddstund<br>Tónlist - slökun                                  | <b>16.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist - slökun                   | <b>21.</b><br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist - slökun                            |
|  | <b>28.</b><br><b>Mynd 27.</b><br>Æ, ég meiddi mig<br>Bók-þakklæti      | <b>26.</b><br>Mynd 15.<br>Við skulum öll leiðast<br>Nuddstund                | <b>23.</b><br><b>Mynd 5.</b><br>Að hjálpa vini sínum<br>Nuddstund    |   |
|  |  |  | <b>30.</b>   |   |



| JANÚAR   | FEBRÚAR   | MARS   | APRÍL  | MAÍ   |
|--|---|--|--|---|
| 4.<br><b>Mynd 9.</b><br>Að fá ekki að<br>vera með í<br>leik<br>Nuddstund         | 1.<br><b>Mynd 1.</b><br>Pláss fyrir alla<br>Nuddstund | 1.<br><b>Mynd 27.</b><br>Æ, ég meiddi<br>mig<br>Nuddstund                  | 5.<br><b>Mynd 26.</b><br>Ólíkar<br>tilfinningar<br>Nuddstund       | 3.<br><b>Mynd 7.</b><br>Allir eru góðir<br>í einhverju<br>Nuddstund |
| 11.<br><b>Nuddstund</b><br><b>Saga – Hver<br/>þjargar<br/>Einari<br/>Áskeli?</b> | 8.<br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist -<br>slökun         | 8.<br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist -<br>slökun                              | 12.<br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist -<br>slökun                     | 10.<br><b>Nuddstund</b><br>Tónlist -<br>slökun                      |
| 18.  | 15.   | 15.<br><b>Mynd 14.</b><br>Æ – þetta er<br>myndin mín<br>Nuddstund          | 19.<br><b>Mynd 12.</b><br>Þegar vinir<br>verða óvinir<br>Nuddstund | 17.<br><b>Mynd 22.</b><br>Teiknið<br>sjálfsmýnd                     |
| 25.  | 22.   | 22.<br><b>Nuddstund</b><br>Saga –<br>Snuðra og<br>Tuðra missa<br>af matnum | 26.  |   |
|  |   | 29.  |  |   |

Umfram þeimum sem unnin eru í hverju viku verða hópverkefni, t.d. „Hér er húsið mitt“, þar sem fjallað er um nærumhverfi barna. Einnig gerum við sameiginleg listaverk til að styrkja samkennd um vináttu.





### **8.11 Skapandi starf**

Einu sinni í viku fara öll börn leikskólans í skipulagðan myndlistatíma. Þar læra þau að nota allskonar efnivið til að skapa listaverk. Þar að auki hafa börnin daglega aðgang að pappír, skærum, litum og öðrum efnivið sem örvar þau til að skapa sín eigin listaverk eftir áhugasviði hvers og eins nemanda, hvenær sem er dagsins.

Við vinnum skipulega með alls konar kubba, t.d. kennum við börnunum að byggja eftir teikningu, búa til form og ýmislegt fleira. Við notum mikið legókubba, einingakubba, burstakubba, mobilo og fleira.

Einnig eflum við sögugerð meðal barnanna en þá læra þau að hver saga hefur upphaf miðju og endi.

Danskennsla verður í leikskólanum í vetur, ef aðstæður leyfa, eitt námskeið á hvorri önn. Þriggja ára og eldri taka þátt í námskeiðinu og sjá foreldrar um að borga fyrir það.

### **8.12 Leikur**

Í Tröllaborg er lögð mikil áhersla á leikinn og mest allt nám sem fram fer í leikskólanum fléttast inn í leikinn. Hugað er sérlega vel að því að börnin fái næg tækifæri til að leika sér. Leikefni leikskólans er fjölbreytt og miðar að því að börnin fái öll notið sín eftir áhugasviðum sínum og þroska. Hvert tækifæri er notað til ýmissa hreyfileikja bæði úti og inni.

Hlutverkaleikur dafnar þegar börnin ná sér í hin ýmsu föt og búninga sem leikskólinn býður upp á. Börnin verða á svipstundu mömmur, pabbar, afar, ömmur, læknar, kennarar, prinsessur og bændur svo eitthvað sé nefnt.

Þegar börnin byggja úr kubbum breytast þau í verkfræðinga, smiði, arkitekta og listamenn. Spil og púsl eru mikið notuð og einbeitingin eykst sem aldrei fyrr þegar þau glíma við þau verkefni.

Leikurinn blómstrar einnig úti en þar gefast önnur leiktækifæri. Eins og gefur að skilja breytast leikir barnanna eftir árstíðum. Meðan snjókallagerðin og að renna sér í brekkum stendur upp úr í leikjum



barnanna á veturna þá rísa upp sandkastalar á sumrin með tilheyrandi sandkökum frá upprennandi bakarameisturum.

Það er sérstaklega hugað að því í Tröllaborg að börnunum sé gefinn góður og samfelldur tími til að leika sér og að skapa sem bestar og fjölbreyttastar leikaðstæður fyrir börnin svo margvíslegur leikur fái notið sín. Þannig fá börnin tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka.

Það sem skiptir mestu máli er að hvert barn fái að njóta sín í leik á eigin forsendum.

### **8.13 Samstarf milli deilda leikskólans**

Samstarf milli deilda er lítið m.a. sökum fjarlægðar en þó eru nokkrir sameiginlegir viðburðir.

Danskennsla er í Höfðaborg á Hofsósi og fara eldri nemendur leikskólans í hana bæði frá Hólum og Hofsósi. Danskennslan endar á danssýningu í Höfðaborg.

Í Sæluviku hafa nemendur Tröllaborgar farið saman á leiksýningu í Höfðaborg á Hofsósi en þær ferðir eru farnar eftir því hvernig aðstæður í samfélaginu eru hverju sinni.

Sum árin er farið í sameiginlega vettvangsferð.



## 9 Samstarf leik- og grunnskóla

Samvinna við grunnskóla er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Markmiðið er að auðvelda börnunum að flytjast milli skólastiga og að nám og starf barnanna sé samfellt. Þetta bil er brúað með góðu samstarfi við Grunnskólann austan Vatna sem hefur starfsstöðvar í sömu byggðakjörnum og leikskólinn Tröllaborg. [Hér](#) má lesa nánar um samstarfssamninginn.

Kennarar á báðum skólastigum leggja metnað sinn í að hafa gott samstarf sín á milli. Vert er að hafa í huga að samstarfið gæti orðið með breyttu sniði vegna takmarkana á skólastarfi vegna farsóttar.

### Markmiðið með samstarfi milli skólastigana er:

- Að skapa samfellu í skólagöngu barna frá leikskóla til grunnskóla þannig að markvisst framhald sé á kennslu og námi barnsins á milli skólastiga.
- Að minnka bilið á milli skólastiga og auðvelda börnum að hefja nám á nýju skólastigi.
- Að nýta sérstöðu skólanna og umhverfis þeirra í samstarfinu.

Gerð hefur verið sérstök námskrá fyrir þetta samstarf og eru hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans, sjá [hér](#).

### 9.1 Fimm ára börnin og grunnskólinn

Elstu börn leikskólans eru í skólahóp en í skólahópi er grunnskólagangan undirbúin. Skólahópurinn fer í heimsóknir í grunnskólann og tekur þátt í kennslustund. Börnin fara einnig í íþróttir með yngstu deildinni og taka þátt í ýmsu upptökum í grunnskólanum en nánara skipulag má sjá [hér](#).

### 9.2 Samráðsfundir við skólaskipti

Haldinn er skilafundur að vori eða í byrjun haustannar þar sem gerð er grein fyrir stöðu hvers nemanda áður en grunnskólaganga hefst. Skólastjórnendur leik- og grunnskóla eru ábyrgir fyrir því að til fundanna sé boðað. Fundinn sitja deildarstjóri leikskólans og væntanlegur



umsjónarkennari, sérkennslustjóri og einnig foreldrar/forráðamenn ef þurfa þykir. Skólastjórar hafa rétt til setu á fundinum.

### **9.3 Sameiginlegir viðburðir:**

Skólarnir eru með ýmsa sameiginlega viðburði en verðum að hafa í huga að þeir gætu orðið með breyttu sniði eða felldir niður vegna takmarkana skólastarfs vegna farsóttar.

- Nóvemberskemmtun – Á Hólum taka þriggja til fimm ára börn þátt í Haustskemmtun Grunnskólans að Hólum með því að setja á svið lítið atriði og syngja eitt eða tvö lög.
- Litlu jólin á Hólum eru sameiginleg með grunnskólanum.
- Öskudagur, sameiginleg uppákoma fyrir hádegi er á Hólum þar sem öll börnin taka þátt. Á Hofsósi fer elsti árgangurinn í heimsókn í fyrirtæki ásamt yngstu deild grunnskólans.
- Sameiginleg danssýning beggja skólastiga er í Höfðaborg á Hofsósi.



## 10 Fjölskylduþjónusta

Málefni leikskóla heyra undir Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar og fræðslunefnd. Fræðslustjóri hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla. Leikskólarnir hafa aðgang að sérfræðiþjónustu frá fræðsluskrifstofu s.s. talmeinafræðingi, þroskaþjálfara, kennsluráðgjafa, sálfræðingi.

Ef leikskólinn getur ekki leyst úr þeim frávikum sem upp koma varðandi börnin þá fer í gang ferli þar sem barni er vísað til sérfræðiþjónustu fjölskyldusviðs. Send er inn beiðni með undirskrift foreldra og leikskólustjóra.

Teymi barna er samstarfsverkefni Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og Fjölskyldusviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Teymið hefur það að markmiði að hafa yfirsýn yfir og samræma starfsemi þjónustustofnana í þágu barna og fjölskyldna þeirra.

Trúnaðarskylda gildir um öll mál sem unnin eru í samvinnu við sérfræðinga fræðsluþjónustunnar. Reglur um meðferð persónuupplýsinga gilda um öll þau gögn sem til verða við úrvinnslu einstakra mála.

Nánari upplýsingar um fjölskylduþjónustuna má finna [hér](#).

Starfsmenn geta sótt stuðning til fræðslustjóra sem er tengiliður bæði leik- og grunnskóla.



## 11 Foreldrasamstarf

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Markmiðin með foreldrasamstarfi eru að:

- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna,
- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans,
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans,
- veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.

Það er mjög mikilvægt að fyrstu skrefin í upphafi leikskólagöngunnar takist mjög vel því þá er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Leikskólinn gefur út foreldrahandbók og skólanámskrá til að auðvelda foreldrum að kynna starfsemi leikskólans. Eins og skólanámskráin þá er foreldrahandbókin öllum aðgengileg á heimasíðu leikskólans, sjá [hér](#).

Foreldrar koma og taka þátt í ýmsum uppákomum í leikskólanum s.s. nóvemberskemmtun, skreytingu á piparkökum, foreldrakaffi og jólaballi. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna COVID 19 hefur aðkoma foreldra/forráðamanna að viðburðum í leikskólanum verið takmarkaður en vonum að í vetur getum við boðið foreldrum aftur að taka þátt í starfinu.

### 11.1 Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskólann samkvæmt *Lögum um leikskóla* nr. 90/2008, 11. grein. Um foreldraráð segir í lögum:

Í foreldraráði eiga samkvæmt lögum að sitja þrjár fulltrúar foreldra. Fámennum leikskóla eins og okkar er þó heimilt að sækja um undanþágu fyrir að hafa starfandi foreldraráð. Þar sem við erum lítill leikskóli á tveimur starfsstöðvum sóttum við um undanþágu að hafa aðeins tvo fulltrúa í ráðinu. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september eða október á ári



hverju og skal kosið til eins árs í senn. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar (sbr. 2. mgr. 4. gr), um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Æskilegt er að fulltrúar í foreldraráði séu af báðum byggðarkjörnum sem leikskólinn starfar í.

Foreldraráð er vettvangur fyrir foreldra til að fylgjast náið með því starfi sem fram fer í leikskólanum, koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif.

### **Foreldraráð veturinn 2021-2022**

Vala Kristín Ófeigsdóttir

Ragnheiður Halldórsdóttir

### **11.2 Foreldrafundir**

Foreldrafundir eru haldnir einu sinni á ári í september eða október. Á foreldrafundum eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið. Starf vetrarins kynnt svo og skólanámskrá leikskólans, foreldrahandbókin og aðrar áætlanir í starfsemi leikskólans. Í vetur verða sendir reglulegir upplýsingapóstar um starfið og áætlanir í starfsemi leikskólans.

### **11.3 Foreldrasamtöl**

Í byrjun skólagöngunnar er haldinn fundur með foreldrum. Þar er farið yfir helstu þætti er varða leikskólagönguna og foreldrar fá afhent blað með helstu upplýsingum um leikskólann s.s. heimasíðuna, símanúmer og fleira (sjá fylgiskjal 3). Foreldrar fylla út upplýsingablað um barnið sem starfsfólk nýtir sér við ummönnun barnsins á leikskólanum. Einnig skrifa foreldrar undir skólasamning.

Deildarstjórar veita foreldrum einkasamtal tvisvar á ári og oftar ef þurfa þykir, þar sem farið er yfir stöðu og líðan barnsins í leikskólanum. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið.



### **11.4 Foreldrafélög**

Foreldrafélög eru starfandi við leikskólann, eitt fyrir hvora deild. Verkefni foreldrafélaganna eru margvísleg og styðja við starfið í leikskólanum. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins. Foreldrafélögin standa fyrir ýmsum uppákomum s.s. jólaballi, bingói, öskudagsballi og vorhátíð. Stjórnir foreldrafélaga eru kosnar á aðalfundum foreldrafélaganna á hverju hausti og skipa þrjú foreldrar stjórnina.

Á Hólum er sameiginlegt foreldrafélag fyrir leik- og grunnskólann enda eru skólarnir staðsettir í sama húsnæði og mikil samvinna milli skólastiga.

Foreldrafélögin halda aðalfundi síðar í október og því er ekki búið að kjósa í stjórn foreldrafélaganna fyrir leikskólaárið 2021-2022.

### **11.5 Mat foreldra**

Foreldrum hefur gefist kostur á að leggja mat sitt á starfsemi leikskólans í könnun sem lögð er fyrir annað hvert ár. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu. Niðurstöður könnunarinnar er birt á heimasíðu leikskólans.





## 12 Sérstök verkefni

Leikskólinn vinnur sérstaklega að tveimur verkefnum.

### 12.1 Heilsueflandi leikskóli

Við erum *Heilsueflandi leikskóli*. Heilsueflandi leikskóla þarf að takast á við ýmis verkefni s.s. mataræði, hreyfingu, andlega vellíðan og fleira. Á þessu leikskólaári verður lögð áhersla á hreyfingu og sjónum okkar beint sérstaklega að jóga, skipulögðum hreyfistundum og slökun. Eftir áramót munum við vinna með nærsamfélagið okkar.

### 12.2 Vinátta

Árið 2017 var keypt námsefni hjá Barnaheill sem heitir *Vinátta* og er forvarnarverkefni gegn einelti. Verkefnið var þróað og mótað af *Mary Fonden og Red Barnet – Save the Children* í Danmörku og nefnist á dönsku *Fri for mobberi*. Verkefnið var tekið í notkun í Danmörku árið 2007 og sýna kannanir að einelti í leikskólum sem nota efnið hefur minnkað til muna. Forvarnaverkefnið byggir á að því að eineltið sé á ábyrgð hinna fullorðnu sem umgangast börnin daglega og hafa tækifæri til þess að fyrirbyggja einelti og ber í raun skylda til þess. Verkefnið byggir á fjórum grunngildum: **Umburðarlyndi:** Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og koma fram við alla af virðingu.

**Virðing:** Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og virða mismunandi háttarni annarra.

**Umhyggja:** Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

**Hugrekki:** Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Með verkefninu er gert ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi og þau verði samofin öllu starfi og samskiptum í leikskólasamfélaginu. Allir eru þátttakendur í verkefninu, börn, foreldrar þeirra og starfsmenn leikskólans.



### **13 Innra mat – Hversu góður er leikskólinn okkar**

Samkvæmt *Lögum um leikskóla* nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum og foreldrum leikskólans en ytra mat af Sveitarfélaginu eða Menntamálaráðuneytinu.

Í leikskólanum Tröllaborg er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsmenn Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddu aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsmanna leikskólanna í Skagafirði í byrjun október sl. Um árabíl notaði skólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarar nýju útgáfu, en byggir á sömu hugmyndafræði. Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?*, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með fjólubláum, bláum og grænum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

**Áætlun um sjálfsmat 2021-2024**

| Skólaár  | 2021-2022                                      | 2022-2023                                | 2023-2024   |
|----------|--|--|---|
| Haustönn |  |  |   |
|          | gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna     | gg. 3.3 Sköpun og leikni/færni           | gg. 2.7 Samstarf                                    |
|          | gg. 2.3 Nám, kennsla og mat                    | gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun   | gg. 2.1 Vernd barna                                 |
|          | gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólasterfi | gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni | gg. 2.4 Einstaklingsmiðun                           |
|          | gg. 4.2 fagmennska kennara                     |  | gg. 4.1 Mötuneyti                                   |
| Vorönn   |  |  |   |
|          | gg. 1.2 Forysta í leikskólasterfi              | gg. 2.2 Skólanámskrá                     | gg. 1.3 Breytingastjórnun                           |
|          | gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat                  | gg. 2.6 Samfella í skólasterfi           | gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar |
|          | Mat nemenda - rýnihópaviðtöl                   | Mat nemenda - rýnihópaviðtöl             | Mat nemenda - rýnihópaviðtöl                        |
| febrúar  | Starfsmannakönnun Skólapúlsins                 |  | Starfsmannakönnun Skólapúlsins                      |
| mars     |  | Foreldrakönnun Skólapúlsins              |   |

**Skýrslur birtar**

|           |                   |                   |                   |
|-----------|-------------------|-------------------|-------------------|
| September | Sjálfsmatsskýrsla | Sjálfsmatsskýrsla | Sjálfsmatsskýrsla |
| Október   | Starfsáætlun      | Starfsáætlun      | Starfsáætlun      |

**13.1 Kannanir – Skólapúlsinn**

Allir leikskólar í Sveitarfélaginu Skagafirði eru þátttakendur í Skólapúlsinum auk grunnskólanna í Skagafirði. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a.



utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar m.a. samanburði á viðhorfi foreldra/forsjáraðila og starfsmanna í leikskólum við aðra leikskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins, sjá [hér](#).



## 14 Ýmsar áætlanir

Í leikskólanum Tröllaborg eru gerðar ýmsar öryggisáætlanir s.s. vegna flensufaraldurs, eineltis, jafnréttis, óveðurs og mengunar. Allar þessar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu Tröllaborgar.

- Áfallaáætlun, sjá [hér](#)
- Áætlun vegna mengunar, sjá [hér](#)
- Eineltisáætlun, sjá [hér](#)
- Jafnréttisáætlun, sjá [hér](#)
- Móttaka nýbúa, sjá [hér](#)
- Óveðursáætlun, sjá [hér](#)
- Viðbragsáætlun vegna innflúensufaraldurs, sjá [hér](#)
- Rýmingaráætlanir: [Hofsós](#), [Hólar](#).



## **15 Fylgiskjöl**

Fylgiskjal 1: Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2: Skóladagatal

Fylgiskjal 3: Upplýsingabæklingur fyrir foreldra



## Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun Tröllaborgar inniheldur greinargóða lýsingu á innra- og ytra umhverfi leikskólans jafnt sem allri þeirri starfsemi sem þar fer fram. Foreldraráð lýsir ánægju sinni með þá áherslu sem lögð er á óformlegt lestrarnám og stærðfræði í daglegu starfi leikskólans sem stuðlar að því að börnin eru betur undirbúin fyrir nám á grunnskólastigi þegar þar að kemur. Þá bindur foreldraráð miklar vonir við Vináttuverkefnið sem er vel til þess fallið að vinna gegn fordómum og einelti. Við teljum aukna áherslu á Tákni með tali (TMT) jóga og slökun vera mjög af hinu góða og hvetjum starfsstöðina á Hofsósi að taka upp TMT. Í starfsáætluninni er öflug og metnaðarfull símenntunaráætlun fyrir starfsfólk sem staðfestir áhersluna sem lögð er á faglegt starf, starfsþróun og þróunarvinnu. Jafnframt lýsir foreldraráð ánægju sinni yfir því að Tröllaborg sé Heilsueflandi leikskóli og að lögð sé eins mikil áhersla á umhverfismennt, útikennslu og almenna útiveru og raun ber vitni. Að því sögðu, hvetjum við til þess að sú aðstaða sem býðst til hreyfingar innandyra sé nýtt, t.d. íþróttasalurinn í Höfðaborg á Hofsósi. Eins gæti verið ráðlegt að útskýra einveru stuttlega í starfsáætlun eða vísa í upplýsingar um hana á heimasíðu. Sóttvarnarreglur hafa sett svip sinn á starfið undanfarin misseri, og teljum við mikilvægt að stíga skref til baka í þeim efnum - t.d. að opna bókasafnið aftur fyrir heimlán.

Forgangsröðun viðhaldsverkefna er vel rökstudd og **mikilvægt að farið verði sem skjótast í þau verkefni sem merkt er við sem afar áriðandi!**

**Hólar:** Foreldraráð ítrekar nú **fjórða árið í röð**, mikilvægi þess að lóðin verði tekin í gegn og endurskipulögð, ólöglegum leiktækjum skipt út hið fyrsta og öðru viðhaldi þar sinnt. Við þá vinnu þarf að huga vel að **aðgengismálum**. Einnig er brýnt að skipta um útidyrarhurð í anddyri leikskólans og setja hitaþráð í þakrennur en í fyrravetur bar þónokkuð á leka á vesturhlið húsnæðisins. **Mikilvægt er að fara sem fyrst** í þessi verkefni áður en frekari skemmdir hljóttast af. Einnig þarf að bæta hljóðvist



Í alrými leikskólans en þar myndast mikill hávaði. Í viðhaldslista eru nefnd fleiri áriðandi verkefni sem sum hver hafa setið á hakanum svo árum skiptir!

**Hofsós:** Hvað starfsstöðina á Hofsósi varðar, þá er mikið gleðiefni að nýbygging fyrir leikskóla á svæðinu verði tekin í notkun á þessu ári. Engu að síður er miður hversu mjög lóðaframkvæmdir hafa dregist. Ítrekum við því **mikilvægi þess að þrif og flutningar gangi hratt fyrir sig og tefji ekki enn frekar fyrir nýtingu nýs húsnæðis. Þar sem nú þegar eru börn á biðlista.** Við viljum einnig minna á mikilvægi þess að lýsing við bílastæði verði til staðar þegar þar að kemur. Athugandi er að gera einhverskonar drög að samskiptaáætlun/virkniáætlun á milli leik- og grunnskóla og hafa þá starfsstöðina á Hólum sem fyrirmynd þar sem samstarf á milli skólastiga virðist ganga mjög vel. Því miður virðist draga úr samstarfi á milli starfsstöðva Tröllaborgar á milli ára og má ætla að covid spili þar hlutverk. Danskennsla verður ekki sameiginleg í ár samkvæmt samtali við starfsfólk og sameiginleg vettvangsferð ekki á dagskrá. Þá er nánast enginn vettvangur fyrir börnin að hittast og hafa samskipti sín á milli. Hafa ber þessa þróun í huga og meta hvert skal stefna.

Í kennsluáætlun SMT er talað um SMT daginn á Hólum og athugandi hvort Hofsós vilji halda sambærilegan dag hátíðlegan.

Foreldraráð **gerir annað árið í röð** athugasemd við opnunartíma en hann er töluvert þrengri en á Hólum eða 8-16 mán-fim og 8-15 á föstudögum. Þetta skapar vandamál fyrir foreldra sem eru bundnir við vinnu frá 8-16. Við óskum því eftir því að notkunarpörf verði skoðuð til þess að athuga hvort foreldrar myndu nýta sér lengri vistunartíma.

19.10.2021

Ragnheiður Halldórsdóttir

Vala Kristín Ófeigsdóttir





Fylgiskjal 2

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskóla

Tröllaborg



Starfsmannafundur haldnir kl. 16.20-18.20 og deildarfundir kl. 16.20-17.20

| ÁGÚST                                      | SEPTEMBER                                    | OKTÓBER                      | NÓVEMBER                                   | DESEMBER                         | JANÚÁR                 | FEBRÚÁR                          | MARS                             | APRÍL                          | MAÍ                            | JÚNÍ                            | JÚLÍ                                |
|--|--|------------------------------|--|----------------------------------|------------------------|----------------------------------|----------------------------------|--------------------------------|--------------------------------|---------------------------------|-------------------------------------|
| 1. S                                       | 1. M   | 1. F                         | 1. M                                       | 1. M <i>Fullveldingarskrif</i>   | 1. L <i>Móttalga</i>   | 1. Þ                             | 1. Þ <i>Skrifstofudagur</i>      | 1. F                           | 1. S <i>Vorkafélagsskrif</i>   | 1. M                            | 1. F <i>Leikskólinn tekur M. 12</i> |
| 2. M <i>Fr. dagur starfsmannafundar</i>    | 2. F   | 2. L                         | 2. Þ                                       | 2. F                             | 2. S                   | 2. M                             | 2. M <i>Skuladagur</i>           | 2. L                           | 2. M                           | 2. F                            | 2. L                                |
| 3. Þ                                       | 3. F   | 3. S                         | 3. M <i>Starfsdagur</i>                    | 3. F                             | 3. M                   | 3. F                             | 3. F                             | 3. S                           | 3. Þ                           | 3. F                            | 3. S                                |
| 4. M                                       | 4. L   | 4. M                         | 4. F                                       | 4. L                             | 4. Þ                   | 4. F                             | 4. F                             | 4. M                           | 4. M                           | 4. L                            | 4. M                                |
| 5. F <i>Leikskólinn opnar kl. 12</i>       | 5. S   | 5. Þ                         | 5. F                                       | 5. S                             | 5. M                   | 5. L                             | 5. L                             | 5. Þ                           | 5. F                           | 5. S <i>Helgisskuldur</i>       | 5. Þ                                |
| 6. F                                       | 6. M   | 6. M                         | 6. L                                       | 6. M                             | 6. F <i>Þorlindun</i>  | 6. S <i>Dagur í Leikskólinn</i>  | 6. S                             | 6. M                           | 6. F                           | 6. M <i>Þegar Helgisskuldur</i> | 6. M                                |
| 7. L                                       | 7. Þ   | 7. F                         | 7. S                                       | 7. Þ                             | 7. F                   | 7. M                             | 7. M                             | 7. F                           | 7. L                           | 7. Þ                            | 7. F                                |
| 8. S                                       | 8. M <i>Dagur í Leikskólinn</i>              | 8. F                         | 8. M <i>Þorlindun og starfsmannafundur</i> | 8. M                             | 8. L                   | 8. Þ                             | 8. Þ                             | 8. F                           | 8. S                           | 8. M                            | 8. F                                |
| 9. M                                       | 9. F   | 9. L                         | 9. Þ <i>Leikskólinn</i>                    | 9. F                             | 9. S                   | 9. M                             | 9. M                             | 9. L                           | 9. M                           | 9. F                            | 9. L                                |
| 10. Þ                                      | 10. F  | 10. S                        | 10. M <i>Leikskólinn</i>                   | 10. F                            | 10. M                  | 10. F                            | 10. F                            | 10. S <i>Helgisskuldur</i>     | 10. Þ                          | 10. F                           | 10. S                               |
| 11. M                                      | 11. L  | 11. M                        | 11. F <i>Leikskólinn</i>                   | 11. L                            | 11. Þ                  | 11. F <i>Dagur í Leikskólinn</i> | 11. F                            | 11. M                          | 11. M                          | 11. L                           | 11. M                               |
| 12. F                                      | 12. S  | 12. Þ                        | 12. F <i>Leikskólinn</i>                   | 12. S                            | 12. M                  | 12. L                            | 12. L                            | 12. Þ                          | 12. F                          | 12. S <i>Starfsmannafundur</i>  | 12. Þ                               |
| 13. F                                      | 13. M  | 13. M                        | 13. L                                      | 13. M                            | 13. F                  | 13. S                            | 13. S                            | 13. M                          | 13. F                          | 13. M                           | 13. M                               |
| 14. L                                      | 14. Þ  | 14. F                        | 14. S                                      | 14. Þ                            | 14. F                  | 14. M                            | 14. M <i>Dagur í Leikskólinn</i> | 14. F <i>Skuldur</i>           | 14. L                          | 14. Þ                           | 14. F                               |
| 15. S                                      | 15. M  | 15. F                        | 15. M                                      | 15. M                            | 15. L                  | 15. Þ                            | 15. Þ <i>Leikskólinn</i>         | 15. F <i>Starfsmannafundur</i> | 15. S                          | 15. M                           | 15. F                               |
| 16. M <i>Starfsmannafundur í Varmahlíð</i> | 16. F <i>Dagur í Leikskólinn</i>             | 16. L                        | 16. Þ                                      | 16. F <i>Dagur í Leikskólinn</i> | 16. S                  | 16. M                            | 16. M <i>Leikskólinn</i>         | 16. L                          | 16. M                          | 16. F                           | 16. L                               |
| 17. Þ                                      | 17. F <i>Starfsmannafundur í Leikskólinn</i> | 17. S                        | 17. M                                      | 17. F <i>Lilla Júlía</i>         | 17. M                  | 17. F                            | 17. F <i>Leikskólinn</i>         | 17. S <i>Starfsmannafundur</i> | 17. Þ                          | 17. F <i>Starfsmannafundur</i>  | 17. S                               |
| 18. M                                      | 18. L  | 18. M                        | 18. F                                      | 18. L                            | 18. Þ                  | 18. F <i>Leikskólinn</i>         | 18. F <i>Leikskólinn</i>         | 18. M <i>Starfsmannafundur</i> | 18. M                          | 18. L                           | 18. M                               |
| 19. F                                      | 19. S  | 19. Þ                        | 19. F                                      | 19. S                            | 19. M                  | 19. L                            | 19. L                            | 19. Þ <i>Starfsmannafundur</i> | 19. F                          | 19. S                           | 19. Þ                               |
| # F  | # M  | # M                          | # L <i>Dagur í Leikskólinn</i>             | # M                              | # F                    | # S <i>Konudagur</i>             | # S                              | # M <i>Starfsmannafundur</i>   | # F                            | # M                             | # M                                 |
| 21. L                                      | 21. Þ  | 21. F                        | 21. S                                      | 21. Þ                            | 21. F <i>Þorlindun</i> | 21. M                            | 21. M                            | 21. F <i>Starfsmannafundur</i> | 21. L                          | 21. Þ                           | 21. F                               |
| # S  | # M  | # F                          | # M  | # M                              | # L                    | # Þ                              | # Þ                              | # M <i>Starfsmannafundur</i>   | # S                            | # M                             | # F                                 |
| # M  | # F  | # L <i>Starfsmannafundur</i> | # Þ  | # F <i>Starfsmannafundur</i>     | # S                    | # M                              | # M                              | # L                            | # M                            | # F                             | # L                                 |
| # Þ  | # F  | # S                          | # M  | # F <i>Starfsmannafundur</i>     | # M                    | # F                              | # F                              | # S                            | # Þ                            | # F                             | # S                                 |
| 25. M                                      | 25. L  | 25. M                        | 25. F                                      | 25. L <i>Starfsmannafundur</i>   | 25. Þ                  | 25. F                            | 25. F                            | 25. M                          | 25. M                          | 25. L                           | 25. M                               |
| # F  | # S <i>Starfsmannafundur</i>                 | # Þ                          | # F  | # S <i>Starfsmannafundur</i>     | # M                    | # L                              | # L                              | # Þ                            | # F <i>Starfsmannafundur</i>   | # S                             | # Þ                                 |
| 27. F                                      | 27. M  | 27. M                        | 27. L                                      | 27. M                            | 27. F                  | 27. S                            | 27. S                            | 27. M                          | 27. F <i>Starfsmannafundur</i> | 27. M                           | 27. M                               |
| # L  | # Þ  | # F                          | # S  | # Þ                              | # F                    | # M <i>Starfsmannafundur</i>     | # M                              | # F                            | # L                            | # Þ                             | # F                                 |
| # S  | # M  | # F                          | # M  | # M                              | # L                    | # Þ                              | # Þ                              | # F                            | # S                            | # M                             | # F                                 |
| # M  | # F  | # L                          | # Þ  | # F                              | # S                    | # M                              | # M                              | # L                            | # M                            | # F                             | # L                                 |
| 31. Þ                                      |  | 31. S                        |  | 31. F <i>Starfsmannafundur</i>   | 31. M                  |                                  | 31. F                            |                                | 31. Þ <i>Starfsmannafundur</i> |                                 | 31. S                               |



Leikskólinn Tröllaborg

Fylgiskjal 3



Rectangular Snip

Sveitarfélagið Skagafjörður



Leikskólinn Tröllaborg

Barnaborg, Túngötu 10, Hofsós

Sími: 453-7333

Brúsabær, Hólum í Hjaltadal

Sími: 453-5760

Netfang:

trollaborg@skagafjordur.is

Starfsáætlun Tröllaborgar 2021-2022

Leikskólinn  
Tröllaborg



Leikum saman  
og lærum



Upplýsingar til  
foreldra við  
upphaf  
leikskólagöngu

Símar og netfang:

Barnaborg 453-7333

Brúsabær 453-5760

Leikskólástjóri 696-3869

trollaborg@skagafjordur.is



## *Leikskólinn Tröllaborg*

Tröllaborg er rekinn á tveimur starfsstöðvum, á Hofsósi og á Hólum.

Leikskólinn tekur við börnum á aldrinum 12 mánaða til 6 ára.



### **Leikskólastjóri**

Leikskólastjóri er Jóhanna Sveinbj. Traustadóttir.

Hún hefur starfsaðstöðu á báðum stöðum.

Sími: [696-3869](tel:696-3869)

Netf: [trollaborg@skagafjordur.is](mailto:trollaborg@skagafjordur.is)

### **Hólar, Brúsabær**



Deildin á Hólum heitir Brúsabær.

Opnunartími: 7:45–16:15.

Deildarstjóri í Brúsabæ er Christine Netfang hennar er:

[christineh@skagafjordur.is](mailto:christineh@skagafjordur.is)

Símanúmer Brúsabæjar er: [453-5760](tel:453-5760).

### **Hofsós, Barnaborg**



Deildin á Hofsósi heitir Barnaborg.

Opnunartími: mánudag til fimmtudags 8–16.

Föstudag 8–15.

Deildarstjóri Barnaborgar er Ásrún Netfang hennar er:

[asrunleos@skagafjordur.is](mailto:asrunleos@skagafjordur.is)

Símanúmer Barnaborgar er: [453-7333](tel:453-7333).

Í hverri viku senda deildarstjórar út fréttabréf til foreldra um starfið framundan og koma öðrum mikilvægum upplýsingum á framfæri.

### **Heimasíða Tröllaborgar**

[http://](http://trollaborg.skagafjordur.is/)

[trollaborg.skagafjordur.is/](http://trollaborg.skagafjordur.is/)

Á heimasíðu leikskólans er að finna allar upplýsingar um starfsemið. Meðal þess sem þar er að finna er skólanámskrá leikskólans, skóladagatal og ýmsar viðbragðsáætlanir.

Helstu upplýsingar til foreldra eru á eftirtöldum stöðum:

- Undir flípanum „Deildir“ er að finna upplýsingar um hverja deild fyrir sig.
- Undir flípanum „Foreldrar“ er foreldrahandbók leikskólans ásamt ýmsum fróðleik til foreldra.

Skólinn er með lokaða fésbókarsíðu fyrir upplýsingar til foreldra.

<https://www.facebook.com/groups/1453255631412936>